


HANDBÓK
FYRIR
UMSJÓNARMENN
& STJÓRNENDUR



RÉTTINDASKÓLI Á LEIKSKÓLASTIGI





**HANDBÓK RÉTTINDASKÓLA OG -FRÍSTUNDAR UNICEF.
ÚTGEFANDI: UNICEF Á ÍSLANDI. ÁGÚST 2024.**

**UMSJÓN: SIGYN BLÖNDAL
GRAFÍK, TEIKNINGAR OG UMBROT: GERÐUR STEINARSDÓTTIR
PRÓFARKALESTUR: ÆVAR RAFNSSON**

PRENTUN: PIXEL

**NOTAST ER VIÐ HUGMYNDAFRÆÐI OG KENNINGAR SEM FRAM KOMA Í:
CHILD RIGHTS EDUCATION TOOLKIT: ROOTING CHILD RIGHTS IN EARLY CHILDHOOD EDUCATION,
PRIMARY AND SECONDARY SCHOOLS. UNICEF 2014.**





BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



1 Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri.



2 Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúá, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.

4



3 Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að foreldrar verndi börn sín og gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur.



4 Stjórnvöld þurfa að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að sjá til þess að hvert og eitt barn njóti allra réttinda Barnasáttmálans.



5 Fjölskyldur bera ábyrgð á að leiðbeina börnum sínum og fræða þau um réttindi sín. Eftir því sem börn verða eldri hafa þau minni þörf fyrir leiðsögn fjölskyldna sinna. Stjórnvöld skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur fjölskyldna.



6 Öll börn eiga rétt á því að lifa og þroskast og skulu stjórnvöld tryggja það.



7 Börn skal skrá við fæðingu og þau eiga rétt á nafni og ríkisfangi – að tilheyra landi. Alltaf þegar hægt er skulu börn þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.



8 Börn eiga rétt á sínum eigin auðkennum – sem skráð skulu opinberlega, um hver þau eru, m.a. nafn, þjóðerni og fjölskyldu-tengsl. Ekki má taka frá börnum auðkenni þeirra og ef það er gert skulu stjórnvöld aðstoða við að bæta úr því.



9 Ekki skal skilja börn frá foreldrum sínum nema þegar það er nauðsynlegt fyrir öryggi og líðan barna – til dæmis ef foreldri meiðir barn eða hugsar ekki vel um það að öðru leyti. Börn eiga rétt á því að vera í góðum tengslum við báða foreldra sína ef þeir búa ekki saman nema það sé talið skaðlegt fyrir þau.



10 Ef barn býr í öðru landi en foreldrar þess eiga stjórnvöld að leyfa barni og foreldrum að ferðast frjálst svo þau geti haldið sambandi og verið saman.



Stjórnvöld eiga að tryggja að ekki sé farið ólöglega með börn úr landi, til dæmis að börnum sé ekki rænt eða þeim haldið erlendis.



Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálstlega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.



Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk.



Börn eiga rétt á frjálsri hugsun og að velja sér trúarbrögð og eigin hugmyndir, svo lengi sem það hindrar ekki aðra í að njóta réttinda sinna. Í uppeldi geta foreldrar leiðbeint börnum sínum um hvernig megi nýta þessi réttindi að fullu.



Börn eiga rétt á því að stofna sín eigin félög og hópa og þau mega hitta vini og félagi, svo lengi sem það brýtur ekki gegn réttindum annarra.



Öll börn eiga rétt á einkalífi. Lögin eiga að vernda einkalíf barna, fjölskyldur og heimili. Börn eiga líka rétt á því að samskipti þeirra við aðra, orðspor þeirra og fjölskyldna þeirra sé verndað með lögum.



Börn eiga rétt á því að sækja upplýsingar af Internetinu, úr sjónvarpi, útvarpi, tímaritum, bókum og öðrum miðlum. Fullorðnir eiga að gæta þess að upplýsingarnar séu börnum ekki skaðlegar. Stjórnvöld eiga að hvetja útgefendur og fjölmiðla til þess að deila upplýsingum með fjölbreyttum leiðum sem öll börn skilja.



Foreldrar bera aðalábyrgð á uppeldi barna sinna. Þegar barn á ekki foreldra tekur annað fullorðið fólk við ábyrgðinni á uppeldi barnsins. Þeir sem annast uppeldi eiga að meta og taka tillit til þess sem er barninu fyrir bestu og eiga stjórnvöld að hjálpa og leiðbeina þeim. Þegar barn á tvo foreldra bera þeir almennt báðir ábyrgð á uppeldi barnsins.



Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu af hendi allra þeirra sem annast þau.



Barn sem ekki nýtur umönnunar fjölskyldu sinnar á rétt á því að hugsað sé um það af fólki sem ber virðingu fyrir trúarskoðunum þess, menningu, tungumáli og öðru sem varðar líf barnsins.



Þegar börn eru ættleidd er mikilvægt að það sem er barni fyrir bestu sé haft að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku. Ef ekki er hægt að veita barni umönnun og fullnægjandi uppeldisaðstæður í heimalandi þess getur komið til ættleiðingar milli landa.



Börn sem þurfa að flýja heimaland sitt sem flóttamenn eiga rétt á vernd og stuðningi við að nýta sér þau réttindi sem þau eiga samkvæmt Barnasáttmálanum í nýja landinu.



Fötluð börn eiga rétt á því að lifa við aðstæður sem gerir þeim kleift að lifa eins góðu lífi í samfélaginu og vól er á. Stjórnvöld eiga að fjarlægja hindranir svo öll börn geti orðið sjálfstæð og tekið þátt í samfélaginu með virkum hætti.



Börn eiga rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem vól er á, hreinu drykkjarvatni, hollum mat og hreinu og öruggu umhverfi. Allir eiga að fá upplýsingar um hvernig sé hægt að lifa öruggu og heilbrigðu lífi.



Börn sem hafa verið vistuð utan heimilis, þeim til verndar, umönnunar eða af heilsufarsástæðum, eiga rétt á því að meðferð þeirra og allar aðrar aðstæður séu kannaðar reglulega til þess að ganga úr skugga um að allt gangi vel og að það sé enn best fyrir barnið að vera vistað á viðkomandi stað.



Börn sem búa við fátækt eiga rétt á aðstoð. Stjórnvöld skulu tryggja þann rétt með því að útvega peninga og annars konar stuðning.



Börn eiga rétt á því að fá næringu, fatnað og öruggt heimili svo þau geti þroskast á sem bestan hátt. Stjórnvöld eiga að aðstoða fjölskyldur sem hafa ekki kost á því að veita börnum framangreint.



Öll börn eiga rétt á menntun. Grunnmenntun á að vera ókeypis og öll börn eiga að hafa aðgang að framhaldsmenntun. Hvetja á börn til þess að mennta sig. Aldrei má beita barn ofbeldi eða niðurlægja það, svo sem vegna brota á skólareglum.



Menntun á að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika. Menntun á að hjálpa þeim að lifa friðsamlega og að vernda náttúruna.



Börn eiga rétt á að iðka eigin trú, tala sitt tungumál og viðhalda menningu sinni.




Öll börn eiga rétt á hvíld, leik og að taka þátt í menningarlífi.



Börn eiga rétt á vernd gegn því að vinna hættuleg störf eða störf sem eru slæm fyrir skólagöngu þeirra, heilsu eða þroska. Ef börn stunda vinnu eiga þau rétt á því að gera það í öryggi og að fá sanngjörn laun fyrir.

33 Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn því að nota, búa til, bera á sér eða selja skaðleg vímuefni.




VERND GEGN SKAÐLEGUM VÍMUEFNUM

34 Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn kynferðisofbeldi, þar með talið að vernda þau fyrir því að vera neydd í vændi, að teknar séu kynferðislegar myndir eða gerð kynferðisleg myndbönd af þeim.



VERND GEGN KYNFERÐISOFBELDI

35 Stjórnvöld eiga að tryggja að börn séu ekki numin á brott, seld, eða flutt til annarra landa eða staða til að láta þau vinna og þræla án launa.



VERND GEGN BROTTNÁMI, VÆNDI OG MANSALI

36 Stjórnvöldum ber að vernda börn gegn hvers kyns annarri misbeitingu.



VERND GEGN MISBEITINGU

37 Börn sem sökuð eru um að brjóta lög má ekki lífláta, pynta, koma grimmilega fram við, fangelsa til lífstíðar eða fangelsa með fullorðnum. Fangelsi skal alltaf vera síðasti valkostur og einungis í stysta mögulega tíma. Börn í fangelsum skulu fá lögfræðiaðstoð og fá að vera í tengslum við fjölskyldu sína.




BÖRN Í HALDI

38 Börn eiga rétt á vernd í stríði. Ekkert barn yngra en 15 ára á að sinna herþjónustu eða taka þátt í stríði.




VERND Í STRÍÐI

39 Börn eiga rétt á því að fá hjálp ef þau hafa meiðst eða verið særð, vanrækt, komið hefur verið illa fram við þau eða þau orðið fyrir áhrifum af stríði svo þau nái aftur heilsu og reisn.




BATI OG AÐLÖGUN

41 Ef lög landsins vernda rétt barna betur en Barnasáttmálinn á að styðjast við þau.



BESTU LÖGIN GILDA

40 Börn sem sökuð eru um að hafa brotið lög eiga rétt á lögfræðiaðstoð og réttlátri málsmeðferð. Fyrir hendi eiga að vera mörg videigandi úrræði og tækifæri til að hjálpa þeim börnum að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Fangelsi skal vera síðasta úrræðið.




BÖRN SEM BRJÓTA LÖG

42 Stjórnvöld skulu fræða börn og fullorðna um Barnasáttmálann reglulega svo allir þekki réttindi barna.



ALLIR VERÐA AÐ ÞEKKJA RÉTTINDI BARNA



43-54 Þessar greinar segja frá því hvernig stjórnvöld, Sameinuðu þjóðirnar, Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna og fleiri stofnanir og félög starfa til að tryggja að öll börn njóti sinna réttinda.



HVERNIG BARNASÁTTMÁLINN VIRKAR

EFNISYFIRLIT

- | | | | |
|----|--|-------------|--|
| 11 | VELKOMIN! | | |
| 14 | RÉTTINDASKÓLAR UNICEF & BARNASÁTTMÁLINN | | |
| 20 | BARNARÉTTINDANÁLGUN | | |
| 24 | RÉTTINDAGÆSLA OG UPPBYGGING GETU | | |
| 25 | AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA | | |
| 28 | RÉTTINDAUMHVERFIÐ | | |
| | Hlutverk og ábyrgð kennara og starfsfólks | | |
| 30 | INNLEIÐING RÉTTINDASKÓLA – FYRSTI HRINGUR | | |
| 34 | RÉTTINDASKÓLAR UNICEF | | |
| | Hugmyndafræði og hagnýtt verkefni | | |
| 35 | ÁHRIFAKENNING | | |
| 38 | BARNARÉTTINDAFRÆÐSLA STARFSFÓLKS | | |
| 42 | BETRI ÚTIVERA – REYNSLUSAGA | | |
| 45 | RÉTTINDARÁÐ Í LEIKSKÓLANUM | | |
| 46 | VERKEFNAVINNA MEÐ UNGUM BÖRNUM | | |
| 50 | KENNSLUÁÆTLUN – DÆMI FRÁ LÆK | | |
| 52 | RÉTTINDAMIÐUÐ OG MERKINGARBÆR ÞÁTTTAKA BARNNA | | |
| 55 | ÞÁTTTAKA OG INNGILDING | | |
| 56 | DÆMI UM ÞÁTTTÖKU BARNNA Í LEIKSKÓLASTARFI | | |
| 58 | MYNDRÆNT SKIPULAG OG SÝNILEIKI BARNASÁTTMÁLANS | | |
| | | INNLEIÐING: | |
| 62 | AÐ BYGGJA UPP GRUNNINN | | |
| 66 | STÖÐUMAT | | |
| 69 | GÁTLISTI | | |
| 72 | STÖÐUMAT MEÐ BÖRNUM | | |
| | Öryggiskönnun barna | | |
| 78 | AÐGERÐAÁÆTLUN | | |
| 85 | INNLEIÐING | | |
| 90 | ÚTTEKT OG VIÐURKENNING | | |
| 91 | FRÁ VIÐURKENNINGU AÐ ENDURMATI | | |
| 92 | BARNASÁTTMÁLINN | | |
| | OG HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA | | |
| 94 | MANNRÉTTINDADAGATAL | | |
| 98 | HEIMILDASKRÁ OG ÞAKKIR | | |










Fjöldi Réttindaskóla UNICEF er starfræktur víðsvegar um heiminn en UNICEF aðlagar verkefnið hverju landi fyrir sig. Fyrstu Réttindaskólarnir á leikskólastigi hér á landi hlutu viðurkenningu árið 2022 og þeim fer hratt fjölgandi. Grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hafa innleitt Réttindaskóla og -frístund hér á landi síðan 2016. Frekari upplýsingar um Réttindaskóla og -frístund UNICEF má finna á heimasíðu UNICEF.

Hugmyndafræði Réttindaskólanna hefur ferðast um allan heim og er nú m.a. komin til Bretlands, Kanada, Þýskalands, Svíþjóðar, Danmerkur, Slóveníu, Írlands og Íslands.



RANNSÓKNIR Á
STARFI RÚMLEGA 1.600
RÉTTINDASKÓLA Í
BRETLANDI OG KANADA
HAFU SÝNT JÁKVÆÐAR
NIÐURSTÖÐUR FYRIR
BÖRN, KENNARA OG
SKÓLASTJÓRNENDUR.

NIÐURSTÖÐUR SÝNA
MEÐAL ANNARS:



Börn fundu fyrir
 auknum áhuga á
 að taka þátt í þróun
 skólans og lögðu meira
 af mörkum til að skapa
 öruggt skólaumhverfi
 fyrir öll börn.

Aukin þátttaka barna í
 skipulagningu kennslu
 jók áhuga þeirra og
 hafði jákvæð áhrif á
 námsárangur.

Að mati skólastjóra voru
 skólarnir betur í stakk
 búinir til að vernda börn
 gegn einelti, ofbeldi
 og öðrum brotum á
 réttindum þeirra. Dæmi
 um þetta mátti sjá í
 aukinni samvinnu skóla,
 félagsþjónustu og
 annarra stofnana.

Börn öðluðust betri
 skilning og þekkingu á
 alþjóðlegum málefnum
 og sýndu meiri áhuga
 á réttindum barna í
 alþjóðlegu samhengi.

Aukin þátttaka og áhrif
 í skólunum gaf börnum
 aukið sjálfstraust, sem
 varð til þess að vellíðan
 þeirra jókst.

VEL GERT!



TIL SAMANBURÐAR HEFUR VERIÐ SÝNT FRAM Á AÐ
 BÖRN SEM FÁ EKKI RÉTTINDAFRÆÐSLU SKILJA RÉTTINDI
 SÍN FREMUR SEM FRELSI TIL AÐ GERA ÞAÐ SEM ÞAU
 VILJA OG ÁTTA SIG EKKI Á ÞVÍ AÐ MÖRG RÉTTINDI
 TENGJAST OG SKARAST OG AÐ RÉTTINDI ÞEIRRA GETA
 TAKMARKAST AF RÉTTINDUM ANNARRA.





**RÉTTINDASKÓLAR
UNICEF &
BARNASÁTTMÁLINN**

14

Í Réttindaskólum UNICEF notum við hugtakið heildarskólanálgun (e. Whole School Approach) til þess að skýra hugmyndafræði verkefnisins, en hún skiptist í fjögur skref sem lýsa heildrænni nálgun á innleiðingu réttinda barna í skólastarfið.







1 HVIKTAKIÐ BARN	2 ÖLL BÖRN ERU JOFN	3 ÞAÐ SEM BARNINU ER FYRIR BESTU	4 RETTINDI GERÐ AD VERULEIKA	5 LEIÐSÖGN FJÓLSKYLDU	6 LJF OG ÞROSKI	7 NAFN OG RIKISFANG
8 PERSÓNULIÐ AÐREKNI	9 TENGSIL VIÐ FJÓLSKYLDU	10 TENGSIL VIÐ FÖRELDRA- OG ÖÐRUM LÖNDUM	11 VERND GEGN BROTTNAMI	12 VIRÐING FYRIR SKOÐURUM BARNNA	13 FRELSI TIL AD DEILA HUGMYNDUM SINUM	14 SKOÐANA- OG TRAUTFELSI
15 FELAGAFRELSI	16 PERSÓNUPERND OG EINKALIF	17 AÐGENGI AD UPPLYSINGUM	18 AÞRYGGÐ FÖRELDRA	19 VERND GEGN ÖFBEIÐI	20 UMÖNNUN UTAN FJÓLSKYLDU	21 JETTLEIÐ BÖRN
22 BÖRN SEM FLÓTTAMEN	23 FÖTLUB BÖRN	24 HEILSUVERND VATA, MATUR, UMÞVERFI	25 EFTIRLIT MED VISTUN BARNNA UTAN HEIMILIS	26 FÉLAGSLEG OG EFNNAHAGSLEG AÐSTÖÐ	27 NÆRING, FÖT OG ÖRUGGT HEIMILI	28 AÐGANGUR AD MENNTUN
29 MARKMIÐ MENNTUNAR	30 MENNING, TUNGUMÁL, TRÚARBRÖÐR MINNIBLUTAHOFA	31 HVILD, LEKUR, MENNING OG LISTIR	32 VERND GEGN SKAÐLEGRI VINNU	33 VERND GEGN SKAÐLEGUM VIMUETNUM	34 VERND GEGN KYNFERÐISÖFBEIÐI	35 VERND GEGN BROTTNAMI, VÆNDI OG MANSALI
36 VERND GEGN MISNOÐKUN	37 BÖRN I HALDI	38 VERND I STRÍÐI	39 BATTI OG AÐLÖGUN	40 BÖRN SEM BRJÓTA LÖG	41 BESTU LÖGIN GILVA	42 ALLIR VERÐA AD BERJA RETTINDI BARNNA
43-54 HVERNIG BARNASÁTTMÁLINN VIRKAR	BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA					

BARNASÁTTMÁLINN ER LEIÐARLJÓSIÐ

Síðustu hundrað árin hefur staða barna í heiminum breyst mikið. Áður fyrr var ekki litið svo á að börn þyrftu sérstök réttindi. En hugmyndin um að það þyrfti að vernda börn sérstaklega og tryggja að þeim líði sem best naut sífellt meiri stuðnings. Tímalínan á næstu síðu sýnir hvernig réttindi barna hafa þróast á heilli öld.

1924

1948

1959

1979

1989

1992

2013

GENFARYFIRLÝSINGIN

Fyrsta alþjóðlega yfirlýsingin sem viðurkenndi réttindi barna. Samþykkt af Þjóðabandalaginu árið 1924. Í fyrsta sinn sem til var skriflegt skjal um að lönd heimsins myndu skuldbinda sig til að vernda öll börn.

YFIRLÝSING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI BARNANS

Í yfirlýsingunni kom fram að það ætti að vernda og hugsa vel um öll börn, líka börn í löndum óvina. Einnig kom fram að börn eru hópur einstaklinga sem eiga að njóta sömu réttinda og fullorðin.

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA SAMÞYKKTUR OG UNDIRRITAÐUR

Tíu árum eftir að byrjað var að vinna að nýja sáttmálanum var hann lagður fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og var þar samþykktur. Öll lönd í heimi fyrir utan Bandaríkin hafa samþykkt sáttmálann.

BARNASÁTTMÁLINN LÖGFESTUR Á ÍSLANDI

MANNRÉTTINDAYFIRLÝSING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Börn komu illa út úr seinni heimsstyrjöldinni. Í þessari yfirlýsingu kom fram að allir hefðu sama rétt til frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.

SAMÞYKKT AÐ BÚA TIL NÝJAN SÁTTMÁLA UM RÉTTINDI BARNA

Í tilefni af því að 20 ár voru liðin frá yfirlýsingu SP um réttindi barnsins ákvað allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að þetta yrði ár barnsins. Flest lönd töldu mikilvægt að tryggja réttindi barna betur og hófst því vinna við nýjan sáttmála um réttindi barna.

BARNASÁTTMÁLINN FULLGILTUR Á ÍSLANDI

Með því að skrifa undir og fullgilda sáttmálann skuldbindur ríkisstjórn Íslands sig til að virða hann og sjá til þess að farið sé eftir honum.

Með því að lögfesta Barnasáttmálann varð hann hluti af lögum á Íslandi og þarf að taka mið af því sem í honum stendur þegar vísa þarf í lög. Hann er jafngildur öðrum lögum, t.d. lögum um grunnskóla og barnaverndarlögum. Íslenskum stjórnvöldum ber því skylda til að sjá til þess að það sem stendur í Barnasáttmálanum verði

að veruleika. Til dæmis þurfa lög og reglur á Íslandi að vera í samræmi við forsendur sáttmálans. Lagasetning á vegum ríkisins er hins vegar einungis einn hluti af því sem þarf til að uppfylla Barnasáttmálann. Ef sveitarfélög á Íslandi tileinka sér ekki sáttmálann og vinna eftir honum, munum við ekki ná árangri í að

innleiða réttindi barna í okkar samfélagi. Til að sáttmálinn hafi þýðingu fyrir börn á Íslandi þarf að setja hann í samhengi við daglegt líf barna og þar leika sveitarfélög lykilhlutverk – ekki síst allir skólarnir, frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar sem starfa á vegum þeirra.

RÉTTINDIN Í BARNASÁTTMÁLANUM

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar umfram hin fullorðnu. Hann staðfestir að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja sáttmálanum. Hér er átt við stjórnvöld, foreldra, skóla og alla aðra sem vinna með börnum eða fyrir börn.

18

Í 1. – 41. gr. Barnasáttmálans er fjallað efnislega um réttindi barna. Flokka má réttindi barna í þrennt: **vernd, umönnun og þátttöku**. Sumar greinar geta flokkast undir fleiri en einn flokk.

VERND

2 ÖLL BÖRN ERU JÖFN

19 VERND GEGN ÖFBEIÐI

Réttur allra barna til lífs og frelsi til tjáningar, skoðana og trúar. Friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs.

UMÖNNUN

5 LEIÐSÖGN FJÖLSKYLDU

Réttur allra barna til að hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu, aðgengi að menntun og tækifæri til að þroskast félagslega.

18 ÁBYRGÐ FORELDRA


20 UMÖNNUN UTAN FJÖLSKYLDU

ÞÁTTTAKA

12 VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNNA

13 FRELSI TIL AÐ DEILA HUGMYNDUM SINUM

Réttur allra barna til að koma skoðunum sínum á öllum málum sem þau varða á framfæri, með einum eða öðrum hætti. Taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.



RÉTTINDIN ÞÍN ERU:

MEDFAEDD

Þau tilheyra þér vegna þess að þú ert manneskja.

ÓAÐSKILJANLEG

Réttindi eru óaðskiljanleg hvert frá öðru, sem þýðir að engin réttindi eru öðrum mikilvægari. Þau eru samtvinnuð og haldast í hendur hvert við annað.

SKILYRÐISLAUS

Sem þýðir að þau eru ekki umbun og eru alls óháð skyldum eða tilteknum gjörðum. Allir eiga sömu réttindi og þurfum við því að sýna réttindum annarra virðingu með framkomu okkar.



ÓFRAMSELJANLEG

Þar sem ekki er hægt að svipta einstakling þeim eða gefa þau frá sér. Réttindi eru óframseljanleg, sem þýðir að þú getur ekki afsalað þér þeim eða selt þau, og enginn getur tekið þau af þér.

ALGILD


Sem þýðir að Barnasáttmálinn á við um öll börn (allar manneskjur undir 18 ára aldri), hvar sem er í heiminum, öllum stundum.

FRÁ ÞEÐI TIL PERSÓNU

Þegar unnið er með börnum skal ávallt taka mið af aldri þeirra og þroska og alltaf skal hafa til hliðsjónar hvað er best fyrir barnið. Eftir því sem færni og þroski barna eykst er mikilvægt að umönnunaraðilar og aðrir fullorðnir einstaklingar tryggji velferð þeirra og að þau hljóti viðeigandi umönnun. Sökum þess að börn eru háð fullorðnum hefur það tíðkast í gegnum tíðina að meðhöndla börn sem „viðföng“ frekar en „þátttakendur“; líkt og þau séu þeð á skákborði, færð til af fullorðnum, oft án virðingar fyrir getu þeirra til þátttöku. Þetta á sérstaklega við um jaðarsett börn, þar á meðal börn með fötlun sem eru gjarnan ofvernduð og álitnið að þau séu ófær um að tala sínu máli eða taka þátt í ákvarðanatöku.

Á þeim áratugum sem liðnir eru frá því að Barnasáttmálinn tók gildi hefur hann átt þátt í að umbreyta viðhorfi gagnvart börnum og barnæsku. Þau eru ekki lengur aðeins aðilar sem þarf að annast heldur líka þátttakendur í eigin lífi. Börn á öllum aldri njóta réttinda vegna þess að þau eru manneskjur. Þau verða ekki sjálfkrafa manneskjur – og öðlast þar með réttindi – á 18 ára afmælisdaginn.

Á einföldu máli merkir þetta að koma skal fram við börn á sama hátt og fólk vill að komið sé fram við það sjálft. Af virðingu, án mismununar, með hagsmuni og öryggi þeirra að leiðarljósi, með því að gefa þeim tækifæri til að ná fullum þroska, með stuðningi frá nærumhverfinu og með því að inna þau eftir skoðunum þeirra og virða þær.



**FRÁ ÞEÐI
TIL PERSÓNU**


Þrátt fyrir þær framfarir sem orðið hafa síðan Barnasáttmálinn tók gildi, hvað varðar viðhorf til barna, þá er mikið verk enn óunnið. Það þarf að eiga sér stað allsherjar viðhorfsbreyting gagnvart börnum og það skiptir öllu máli í innleiðingu verkefnisins og heildarskólanálguninni. Allsherjar viðhorfsbreyting tekur tíma en grunninn að henni leggjum við með góðri réttindafræðslu fyrir börn og fullorðin.

BARNARÉTTINDANÁLGUN

Börn þurfa að sjálfsgöðu að virða réttindi annarra. Þeim ber hins vegar ekki að uppfylla neinar skyldur til þess að eiga réttindi sín. Börn eiga rétt á því að þekkja sín réttindi því þannig geta þau betur staðið vörð um þau. Með því að þekkja réttindi sín geta þau látið vita ef eitthvað er ekki eins og það á að vera, hjálpað vinum sínum og öðrum börnum. Þegar börn þekkja sín réttindi gera þau sér líka grein fyrir því að réttindi þeirra geta skarast við réttindi annarra. Til dæmis eiga börn rétt á því að tjá sig en ef það sem barnið hefur að segja hefur skaðleg áhrif á aðra er það ekki í lagi því það brýtur þá gegn rétti hinna á vernd gegn ofbeldi.

Við þurfum öll að bera virðingu fyrir hvert öðru. Ef börnum verður hins vegar á að virða ekki réttindi annarra, þurfa þau samt aldrei að hafa áhyggjur af því að missa réttindi sín, það gerist aldrei, alveg sama hvað.

Það er nefnilega eins með réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum og önnur mannréttindi, þau eru meðfædd og skilyrðislaus eins og farið var yfir fyrr í þessari handbók.




En hvert er hlutverk okkar fullorðna fólksins? Það er mikilvægt að allt fullorðið fólk átti sig á því að réttindi barna koma þeim við og það er ekki bara fólk sem stendur börnunum næst, eins og foreldrar, kennarar eða þjálfarar, sem bera ábyrgð.

Til þess að barn fái notið réttinda sinna er nauðsynlegt að fullorðin horfi á heiminn á heildrænan hátt út frá hagsmunum barnsins og virði skoðanir þess.

Það er kallað **barnaréttindanálgun**.

Börn þurfa réttindafræðslu svo þau geti staðið vörð um réttindi sín og annarra barna. Þau eru réttthafar og bera ekki ábyrgð á því að koma réttindum í framkvæmd – sú skylda er okkar ábyrgðaraðilanna. Barnaréttindanálgunin er leið fyrir okkur fullorðna fólk sem ábyrgðaraðila að hugsa heildrænt um hagsmuni barna, þar sem barnið er í miðjunni og ólík stig samfélagsins koma saman til þess að tryggja réttindi þess.

Svo það sé mögulegt þurfa þau fullorðnu að fræðast um réttindi barna, átta sig á skyldu sinni við að koma réttindum barna í framkvæmd og hlusta vel eftir sjónarmiðum barnanna – m.ö.o. að setja upp **barnaréttindagleraugun**.



Öll tökum við þátt í því að virða og tryggja réttindi barna. Ef við hugsum um barnið í miðjunni þá getum við imyndað okkur samfélagið sem umlykur það; fjölskylda og vinir standa barninu næst, skólinn og hverfið mynda svo annað lag, þá bærinn eða borgin, næst stjórnvöld og samfélagið sem heild og að lokum umheimurinn allur. Hvort sem við erum í hlutverki foreldris eða vinar í innsta kjarna barns, kennara, embættismanns eða ráðherra, höfum við áhrif á líf barna.

REGNHLÍFARRÉTTINDIN HJÁLPA OKKUR AÐ TRYGGJA BARNARÉTTINDANÁLGUN

22

Barnasáttmálinn er ekki innkaupalisti af réttindum barna þar sem hægt er að velja og hafna réttindum að vild. Það verður að horfa á hann sem heild því allar greinar sáttmálans eru tengdar og eru jafn mikilvægar. Ef brotið er á einum réttindum hefur það áhrif á önnur. Við skulum nota regnhlífarréttindin til þess að útskýra það betur.

Það sem þessar greinar sáttmálans eiga sameiginlegt er að þær eiga við öll börn, alls staðar, alltaf og við getum notað þær til þess að spegla aðrar greinar, til dæmis ef greinar Barnasáttmálans vega á móti hver annarri varðandi túlkun þeirra.

Regnhlífarréttindi ná utan um grundvallartilgang og markmið Barnasáttmálans. Greinarnar fjalla um jafnræði og bann við mismunun, það sem barni er fyrir bestu, rétt til lífs og þroska og virðingu fyrir skoðunum barna, ábyrgð stjórnvalda, leiðsögn fjölskyldu og stigvaxandi sjálfstæði barna.


Þegar við skoðum greinar Barnasáttmálans betur sjáum við að sumar þeirra fjalla sérstaklega um viðkvæma hópa samfélagsins sem þurfa sérstaka vernd, t.d. börn á flóttu. Þar af leiðandi nær sú grein ekki til allra barna alls staðar en hægt er að spegla hana í regnhlífarréttindunum þegar fjalla á um börn á flóttu, því öll börn eiga rétt á því að lifa og þroskast, að fá jöfn tækifæri o.s.frv.

Ef við tökum annað dæmi, t.d. 31. greinina um rétt barna til hvíldar og leiks. Barn segir þér að það eigi rétt á hvíld og vill ekki taka þátt í kennslustund. Barnið á vissulega rétt á hvíld og leik en þá er ágætt að hafa regnhlífarréttindi til hliðsjónar.

Samkvæmt 2. greininni ber þér að tryggja að barnið njóti sömu réttinda og önnur börn þ.á m. menntun skv. 28. greininni. Þriðja greinin á vel við hér því hún setur þér þá skyldu að gera það sem er barninu fyrir bestu. Er það kannski barninu fyrir bestu að fara fram og hvíla sig?

Skoðum næst 12. greinina og rýnum í hvernig hún hjálpar okkur að framkvæma 3. greinina. Af hverju langar barnið fram og það segist þurfa að


hvíla sig? Hefur þú spurt? Eflaust eru einhverjar aðstæður þar sem barninu er einfaldlega fyrir bestu að fara fram í hvíld og þá kannski veltir þú fyrir þér 5. greininni og hvernig þú getur veitt barninu leiðsögn í samræmi við aldur og þroska. Kannski kemstu að því að það sé barninu fyrir bestu að fá að fara fram og taka ekki þátt í kennslustundinni – en kannski ekki. En þú notaðir barnaréttindanálgun til þess að komast að niðurstöðu!




Í öllum verkefnum, áætlunum, aðgerðum, stefnum, löggjöfum eða atferli sem snerta börn þarf að líta til allra regnhlífarréttindanna og beita barnaréttindanálgun.

Hér sjáum við barnið í miðjunni. Það stendur á stöðugu borði með mannréttindabogann yfir sér. Mannréttindaboginn á við um börn og fullorðna. Börn eru réttahafar og fullorðna eru ábyrgðaraðilar (stjórnvöld, kennarar, foreldrar og aðrir fullorðna) sem verða að virða, vernda og sjá til þess að uppfylla skuldbindingar um réttindi. Bogginn er aldrei sterkari en geta beggja aðila til að uppfylla skyldur og krefjast réttar.

Ef brotið er á einum réttindum barnsins, t.d. réttinum til þess að tjá sig, hefur það neikvæð áhrif á réttinn til jafnræðis og að ákvarðanir séu teknar með það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi. Ef einn borðfótinn vantar er borðið ekki stöðugt og barnið dettur.



RÉTTINDAGÆSLA & UPPBYGGING GETU



AÐALNÁMSKRÁ
LEIKSKÓLA Á ÍSLANDI,
BARNASÁTTMÁLINN OG
RÉTTINDASKÓLI UNICEF

Í **aðalnámskrá** eru sett fram fyrir mæli stjórnvalda um skólastefnu, að hverju skólaganga barna og ungmenna eigi að stefna og hvaða þekkingu, leikni og hæfni stjórnvöld telja mikilvæga til framtíðar. Aðalnámskrá er leiðarvísir sem stýrir allri menntun og kennslu í skólastarfi. Sú menntastefna sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla er reist á sex grunnþáttum menntunar. Einn af grunnþáttunum er lýðræði og mannréttindi. Í aðalnámskrá stendur meðal annars:

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærnimenntun, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að móta nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins.

Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.

Eins og sjá má styður Réttindaskóli UNICEF vel við markmið aðalnámskrár og færir stjórnendum, kennurum og öllu starfsfólki hagnýt verkefni til þess að fræða börn og fullorðna um lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og Barnasáttmálann og gefur stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki tækifæri til þess að skapa umhverfi þar sem börn læra um réttindi í umhverfi þar sem réttindi barna eru virt.



LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI. AÐ VINNA MEÐ UNGUM BÖRNUM.

26

Uppeldi til lýðræðis getur ekki horft fram hjá því að við viljum börnum okkar aðeins það besta. En hvað vilja bestu og vitrustu foreldrar fyrir barnið sitt? Ef við horfum á það út frá heimspekilegum sjónarhóli þá þurfa þrenns konar gildi að einkenna allt starf með börnum. Þau eru leitin að hinu góða, hinu fagra og hinu sanna. Ef við tengjum þetta þrennt hugsuninni þá tengist hið góða umhyggjunni, hið fagra skapandi hugsun og hið sanna gagnrýninni hugsun sem byggist á hinum tveimur.

Síðan getum við velt fyrir okkur hvernig lýðræðislegar hugsjónir fara saman við þessi gildi og hver sú sameiginlega menntandi reynsla þarf að vera sem er bæði góð fyrir barnið núna og í framtíðinni. Ef við hugsum um lýðræði á þessum nótum getum við kannski komist að því hvernig framtíð lýðræðisins verði best borgið. Ef við hugum fyrst að því góða þá verður allt starf með börnum að byggjast á umhyggju fyrir þeim og kærleika. Við viljum að barnið upplifi góðan heim, að aðrir séu góðir við það og að það sé gott við aðra. Að því þyki vænt um önnur börn, kennarana sína og umhverfi sitt. Við viljum einnig að þegar á reynir þá muni það velja hið góða fram yfir hið vonða í heiminum. Til þess þarf það rými til að hlusta, fylgjast með, mæta öðrum manneskjum og leita sjálft innan þess siðferðilega ramma sem kennarinn setur. Hið góða líf felur í sér dygðir og virðingu sem byggist á siðferðilegri skuldbindingu manneskja hverri gagnvart annari.

Skapandi hugsun leitar hins fagra. Börn hafa sjálfstæðan vilja og þörf til þess að tjá hugmyndir sínar og upplifanir á eigin forsendum. Frjáls

leikur er vettvangur skapandi hugsunar þar sem barnið vinnur úr upplifunum sínum og rannsakar möguleika, þar velur það sér verkefni, tekst á við önnur börn og skapar sér sitt smásamfélag. Til þess að sjálfsprottinn leikur geti blómstrað verða ákveðin skilyrði að vera fyrir hendi; leikföng, aðstaða og andrúmsloft þar sem börnin geta sótt það sem þau þurfa til þess að tjáning og sköpun geti dafnað. Frumkvæði barna fer eftir því hversu mikið rými þau fá fyrir skapandi hugsun. Kennari sem hjálpar börnunum að komast úr öngstræti ágreinings en situr annars á sér með að grípa inn í leik ýtir undir skapandi hugsun og frumkvæði barnanna. Barn sem fær hins vegar kennslu og fræðslu sem byggist á mötun og stýringu er ekki líklegt til að þroska með sér frumkvæði og skapandi hugsun. Viðhorf kennarans til barnsins og hvernig hann talar við það getur gert gæfumuninn. Ef viðhorf kennara til barns snýst um „að leyfa því“ eða „að láta það“ þá byggist starfið í skólanum á valdamun og hætt er við að barnið læri að vera óvirkt og fari ósjálfrátt að spyrja kennarann leyfis fyrir athöfnum sínum eða reyni að þóknast gildismati kennarans. Efling sjálfstæðrar dómgreindar barns byggist á því að kennarinn gefi barninu tíma til að draga sínar eigin ályktanir og prófa þær í leik og starfi. Kennari sem sýnir barni virðingu og áhuga með því að fylgjast með því og hlusta á það, hvort sem er á þarfir þess, orð eða tilfinningar, hlúir að sjálfsvirðingu þess. Þessi virka hlustun staðfestir barnið sem manneskju sem mark er tekið á og byggir undir sjálfálit þess og sjálfstraust. Börn sem hafa mikla sjálfsvirðingu eru líklegri til að leggja sitt af mörkum, láta skoðanir sínar í ljósi og rækta

sína séreiginleika. Slík börn eru líka ólíklegri til að verða leiðitöm, fylgispök og óvirk. Óttablandin virðing þar sem börn beygja sig fyrir valdi, láta í minni pokann fyrir öðrum, fá umbun fyrir að þóknast og eru sífellt minnt á vanmátt sinn, er ekki til þess fallin að þroska manngerð þeirra til lýðræðislegrar virkni.

Gagnrýnin hugsun leitar hins sanna. Ung börn gera oft ekki skýr skil á milli veruleika og ímyndunar. Þau skynja heiminn í gegnum ímyndun og tilfinningar og það er þeirra veruleiki og ævintýri bernskunnar. Að krefja barn um að velja hið sanna í formi fullorðinsstaðreynda má bíða betri tíma. Börn þurfa að njóta sín á eigin forsendum og við sem erum fullorðin getum leyft þeim að dvelja örugg í þeim veruleika. Á þessu æviskeiði hafa þau mikla hæfileika til þess að lifa sig inn í heim annarra. Þau geta auðveldlega sett sig í spor ólíkra ævintýrapersóna, hvort sem það er fátækur bóndasonur, prinsessa, talandi brauð eða tré. Þessi hæfileiki er grundvöllur þess að geta lifað í tengslum við aðrar manneskjur og hann er hægt að þroska í átt til siðferðilegrar samkenndar með öðrum og virðingar fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þetta má gera með því að hvetja þau, t.d. með klípusögum og dæmum úr eigin reynslu, til að setja fram og skoða mismunandi hliðar mála og færa rök fyrir máli sínu og jafnvel komast að samkomulagi ef tilefni samræðunnar hefur verið einhvers konar ágreiningur.

Úr ritröð um grunnþætti menntunar.
Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir



„EFTIR ÞVÍ SEM AÐFERÐUM VIÐ AÐ FÁ FRAM
SJÓNARMÍÐ BARNNA FJÖLGAR, GETUR INNRÁS
Í EINKALÍF ÞEIRRA ORÐIÐ MEIRI. ÞVÍ KREFST
HLUSTUNIN ÁBYRGÐAR HJÁ FULLORÐNUM
Á ÞVÍ AÐ META HVAÐA UPPLÝSINGAR FRÁ
BÖRNUM EIGI ERINDI Á STOFNANASTIGI EÐA Í
STJÓRNKERFIÐ OG TIL ALMENNINGS.“

ANNA MAGNEA HREINSDÓTTIR
OG SIGURLÍNA DAVÍÐSDÓTTIR 2012.
LÝÐRÆÐISLEGT SAMRÆÐUMAT.

RÉTTINDAUMHVERFIÐ Í LEIKSKÓLANUM

- HLUTVERK OG ÁBYRGÐ KENNARA OG STARFSFÓLKS.

28

Kennarar og starfsfólk leikskóla gegna því lykilhlutverki að ryðja nýjungum braut og því bera þau mikla ábyrgð á miðlun, kynningu og virðingu mannréttinda í starfinu. Fyrsta skrefið er að við fullorðna fólkið, sem erum ábyrgðaraðilar gangvart réttindum barna, fræðumst um mannréttindi og réttindi barna og hvað það þýðir fyrir okkur og okkar starf. Fræðsla um mannréttindi og réttindi barna nægir þó ekki. Þessi gildi verða að vera gegnumgangandi í öllu skólastarfinu ásamt gildum sem tengjast lýðræðislegri ákvarðanatöku og réttindamiðaðri þátttöku barna. Börn eiga ekki eingöngu að læra um mannréttindi heldur einnig að kynnast þeim í verki. Samskipti verða að taka mið af mannréttindum og virðingu og þannig búum við til réttindaumhverfi. Mikilvægt er að allt starfsfólk fái fræðslu og sé meðvitað um innleiðingu Barnasáttmálans og hvað það þýðir í stefnumótun leikskólans og samskiptum við börn og foreldra. En einungis þá náum við að búa til umhverfi þar sem börn læra um réttindi sín í umhverfi sem styður við réttindi þeirra sem leiðir af sér að börnin fara að iðka réttindi fyrir sig sjálf sem og önnur börn.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er lögfestur hér á landi og er útbreiddasti mannréttinasáttmáli í heimi. En hverjar eru helstu áskoranir þegar kemur að því að innleiða hann í skólastarfið og hafa hann sem leiðarljós í stefnumótun leikskólans?


Þekking og sameiginlegur skilningur kennara og starfsfólks á mannréttindum skiptir sköpum þegar búa á til umhverfi sem virðir réttindi barna. Þegar allt starfsfólk og kennarar nýta mannréttindi til kennslu, í samskiptum sín á milli og í samskiptum við börn og foreldra, vinnum við að því að búa til réttindamiðað umhverfi þar sem öll geta iðkað og notið réttinda sinna. Þetta merkir að forðast beri alla sýndarmennsku. Einfaldasta birtingarmynd sýndarmennsku er þegar námsefnið stangast augljóslega á við kennsluhættina. Dæmi um slíkt gæti verið: „í dag ætlum við að tala um tjáningarfrelsið – þegið þið þarna aftast!“ Með þessu móti læra börnin heilmikið um vald en minna um mannréttindi og virðingu fyrir mannlegri reisn, sem er kjarni mannfrelsis.

Þar sem börn verja heilmiklum tíma í að pæla í kennurum sínum og öðru fullorðnu fólki og fyrirmyndum almennt, geta þau vel glöggvað sig á persónulegum skoðunum hinna fullorðnu. Vel má vera að hegðun sem þessi geti komið í veg fyrir að viðkomandi kennari hafi í raun góð áhrif og sé ein af ástæðum þess að nemendur reynist tregir til að tjá skoðanir sínar.

Í sinni flóknustu mynd vekur sýndarmennska upp grundvallarspurningar um það hvernig vernda megi og efla mannlega reisn starfsfólks og barna í skólastofunni, í skólanum öllum og samfélaginu yfirleitt. Þetta krefst þess að kennarar og starfsfólk leiti leiða og aðferða til að fá fleiri aðila til að ákveða hvað sé best að gera, hvernig það skuli gert og hvers vegna. Í því felst ekki einungis að fá börn, skólastjórnendur, menntayfirvöld og foreldra til þátttöku, heldur einnig, ef við á, aðra þegna nærsamfélagsins.



Í bókinni Children's Rights Education in Diverse Classrooms, eftir Lee Jerome og Hugh Starkey, horfa höfundarnir á hlutverk kennara í gegnum mannréttindagleraugin. Að þeirra mati er hlutverk kennara í réttindafræðslu barna margþætt og til að tryggja árangursríka innleiðingu og eflingu réttinda barna innan menntakerfisins þarf kennarinn að vera:



TALSMADUR BREYTINGA

(e. Agent of Change):

Kennarar eru áhrifavaldar og því mikilvægt að þeir fái stuðning og valdeflingu til að ögra hefðbundnum viðmiðum og væntingum um hlutverk barna í samfélaginu.

LEIÐBEINANDI SEM STYÐUR VIÐ REYNSLUNÁM

(e. Facilitator of Reflective Learning):

Kennarar eru hvattir til að leiðbeina nemendum sínum að ígrunda og hugsa á gagnrýnan hátt. Þetta felur í sér að hjálpa börnum að bera kennsl á mikilvæga þætti í upplifun sinni, greina þá, fá aukna innsýn og stuðla þannig að reynslunámi.

FYRIRMYND MANNRÉTTINDAGILDA

(e. Modeling Human Rights Values):

Með framkomu sinni gegna kennarar mikilvægu hlutverki við að sýna gildi mannréttinda.

VALD OG GERENDAHÆFNI

(e. Authority and Agency):

Þó að kennarar séu í stöðu yfirvalds er mikilvægt að greina á milli mismunandi forma valds. Kennarar ættu að ígrunda þær forsendur sem liggja að baki valdi sínu og leitast við að jafna hlutverk sitt á þann hátt að það ýti undir getu barna til sjálfstæðis. Kennari skal vera vakandi fyrir vaxandi valdajafnvægi eftir því sem geta barna til sjálfstæðis þróast og eykst með tímanum.

SAMSTARFS- OG SAMRÆMINGARADILI

(e. Collaborator and Coordinator):

Kennarar eiga ekki að vera einir um að stuðla að umhverfi sem virðir réttindi barna. Þeir geta unnið með börnunum og samræmt viðleitni, svo sem að innleiða leiðsagnarnám/ reynslunám og jafningjafræðslu sem hefur jákvæð áhrif á hegðun í kennslustofunni og styður við stuðningsríkt og inngildandi umhverfi.

Í STUTTU MÁLI ERU KENRARAR LYKILAÐILAR Í ÞVÍ AÐ BÚA TIL RÉTTINDAMIÐAÐ UMHVERFI Í SKÓLANUM. ÞEIR VERÐA AÐ VERA VIRKIR LEIÐBEINENDUR OG TALSMENN MANNRÉTTINDA, SEM MIÐLA EKKI AÐEINS ÞEKKINGU HELDUR ERU EINNIG FYRIRMYNDIR SEM VINNA EFTIR MANNRÉTTINDAGILDUM. ÞEIR TAKA ÞÁTT Í BREYTINGUM OG ÞVÍ AÐ STUÐLA AÐ VALDEFLINGU BARNNA SEM LEIÐIR AF SÉR VALDAJAFNVÆGI Á MILLI BARNNA OG FULLORÐINNA Í SKÓLANUM.

INNLEIÐING RÉTTINDASKÓLA UNICEF Á LEIKSKÓLASTIGI.

Innleiðing Réttindaskóla UNICEF, frá því að skóli byrjar og fram að fyrstu viðurkenningu, tekur yfirleitt tvö ár. Ein af forsendum viðurkenningar sem Réttindaskóli er mælanlegur árangur í þágu réttinda barna. Við tryggjum þennan árangur með því að byrja á því að rýna inn á við og skoða hvað þarf til þess að gera umhverfið í leikskólanum réttindamiðaðra. Þarf að fræða starfsfólkið? Þarf að búa til farveg fyrir börnin til þess að hafa áhrif á leikskólastarfið og umhverfi sitt? Erum við að tryggja það að öll börn hafi jöfn tækifæri til þess að þroskast og dafna í leikskólanum? Til þess að fá svör við þessum spurningum og mörgum fleiri gerum við stöðumat með öllu starfsfólki í upphafi innleiðingarinnar. Sjá meira um stöðumat og fyrirlögn þess á bls. 66 í þessari handbók.

FYRSTI INNLEIÐINGAR- HRINGUR

Fyrsta árið fer í að byggja grunninn. Í því felst að rýna í leikskólastarfið með réttindagleraugun á nefinu, fara yfir gátlista og gera stöðumat með starfsfólkinu. Því næst tryggjum við fræðslu fyrir allt starfsfólk, vinnum réttindaverkefni saman, sendum fulltrúa á vinnustofur UNICEF, upplýsum foreldra um innleiðingu Réttindaskóla og vinnum aðgerðaáætlun út frá niðurstöðum stöðumats. Við gerum áætlun um það hvernig við ætlum að vinna með Réttindaráði, hvernig við ætlum að leggja fyrir stöðumat með börnunum og hvernig við ætlum að vinna með verkefnahefti UNICEF inni á öllum deildum.

Við notum þennan fyrsta vetur í góðan undirbúning og tryggjum að allt starfsfólk sé tilbúið í vinnu með Barnasáttmálann með börnunum veturinn þar á eftir. Þetta er einnig tilvalinn tími til þess að rýna í þau verkefni sem fyrir eru og sjá hvort við getum tengt þau við réttindi barna. Það er nefnilega ótrúlega margt sem hægt er að gera beinar tengingar við.

FRÆÐSLA

Tryggja þarf grunnfræðslu fyrir allt starfsfólk og festa reglulega barnaréttindafræðslu fyrir allt starfsfólk í sessi. Tryggja þarf að allt nýtt starfsfólk fái fræðslu og viti hvað það þýðir að vinna að innleiðingu Barnasáttmálans í gegnum Réttindaskóla UNICEF. Þessi blái hringur í innleiðingarhringnum tengist öllum skrefum innleiðingarinnar því fræðslan er forsenda farsællar innleiðingar.





GRUNNUR

- Samningur undirritaður við UNICEF á Íslandi og sveitarfélag viðkomandi leikskóla.
- Námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk aðgengileg á UNICEF – Akadémíunni.
- Reglulegir fundir með UNICEF.
- Teymi starfsfólks myndað.



STÖÐUMAT MEÐ STARFSFÓLKI

- Starfsfólk – einstaklingskönnun: Þekking á réttindum barna.
- Hver deild fyrir sig rýnir í starfið, ræðir aðgerðir og þáttökuleiðir og ákveður áherslupætti.
- Gátlistar nýttir í rýnivinnu. Mögulega koma aðgerðir út úr þeirri rýni.



AÐGERÐA- ÁÆTLUN

- Aðgerðaáætlun skal innihalda aðgerðir sem tengjast markmiðum Réttindaskóla UNICEF: þekking (bæði börn og fullorðin), þátttaka, greining á stöðu, aðgerðir sem bæta aðstöðu barna, samstarf.
- Aðgerðaáætlun kynnt fyrir starfsfólki, foreldrum og kynnt á vef leikskólans.
- Aðgerðaáætlun samþykkt af stjórnendum og UNICEF á Íslandi.
- Aðgerðaáætlun gildir fram að úttekt og viðurkenningu (u.þ.b. eitt og hálf ár).

ANNAD ÁRID

Þegar búið er að tryggja fræðslu fyrir starfsfólk, gera stöðumat, fara yfir gátlista, gera aðgerðaáætlun og skipuleggja starfið næsta vetur er kominn tími til að framkvæma aðgerðir og núna hefst vinnan með börnunum. Réttindaráð er stofnað, unnið er stöðumat og öryggiskönnun og aðgerðum frá börnunum sjálfum bætt við og þær framkvæmdar. Hér eru þátttökuleiðir barna tryggðar og áhrif þeirra á leikskólastarfið verða raunveruleg. Hér er unnið markvisst með Barnasáttmálann inni á öllum deildum og starfsfólk er meðvitað um hvað það þýðir í samskiptum sem og verkefnavinnu. Eftir þennan vetur er komið að úttekt á innleiðingunni og metið er hvort skólinn sé búinn að uppfylla það sem þarf til þess að fá viðurkenningu sem Réttindaskóli UNICEF á leikskólastigi.

FRÆÐSLA

Við höldum áfram að sinna fræðslu. Vinnum með verkefni í verkefnahefti UNICEF á öllum deildum. Sjá dæmi um vinnu með verkefnahefti og mismunandi útfærslur á bls. 46.

INNLEIÐING

- Aðgerðir framkvæmdar.
- Réttindaráð stofnað og þátttökuleiðir fyrir börnin og áhrif þeirra tryggð.
- Stöðumat með börnum og aðgerðir frá börnum settar í aðgerðaáætlun og þær framkvæmdar.
- Tilkynningarskylda kynnt.
- Jafnréttisáætlun uppfærð og kynnt.
- Samskiptastefna/uppeldisstefna/agastefnur – skoða í samhengi við Barnasáttmálann.

STÖÐUMAT

- Stöðumat er endurtekið á hverju ári eftir fyrstu viðurkenningu.
- Starfsfólk – einstaklingskönnun: Þekking á réttindum barna. Fáum tölfræðigögn sem sýna þróun þekkingar starfsfólks á réttindum barna.
- Réttindaráð – elstu börn leikskólans fara í stöðumat.
- Öryggiskönnun framkvæmd með börnum á öllum deildum.

ÚTTEKT

Niðurstöður úr stöðumati liggja fyrir og mælanlegur árangur á þekkingu starfsfólks og elstu barna mælist og allar aðgerðir framkvæmdar.

Lokaskýrslu skilað til UNICEF. Tekið er fram hvernig tekið var tillit til skoðana barna, þátttökuleiðir þeirra auknar og áhrif barna á leikskólastarfið orðin meiri og hvernig það var framkvæmt. Einnig skal taka fram hvaða hugmyndir barnanna komust í framkvæmd. Greinargerð vegna öryggiskönnunar frá öllum deildum.

Viðtöl við leikskólastjóra og deildarstjóra, innleiðingarteymi, fulltrúa foreldra og fulltrúa starfsfólks sem er ekki hluti af teyminu.

VIÐURKENNING

Viðurkenning er veitt þegar öllum skýrslum er skilað og þær fullnægjandi, aðgerðaáætlun framkvæmd og úttektarviðtöl koma vel út. Viðurkenning gildir í þrjú ár.

HVAÐ GERIST FRÁ VIÐURKENNINGU AÐ ENDURMATI?

Eftir að fyrsta viðurkenning hefur verið veitt er innleiðingarhringurinn framkvæmdur á hverju ári.

En innan þessara þriggja ára skila Réttindaskólar greinargerð á hverju vori þar sem farið er yfir stöðumat með börnum, öryggiskönnun og staðan tekin á framkvæmd aðgerða. Einnig er skoðað stöðumat starfsfólks til þess að tryggja mælingar á þekkingu þeirra á Barnasáttmálanum. Fræðslu er sinnt reglulega og enn fleiri aðgerðir í þágu réttinda barna framkvæmdar innan leikskólans.

Reglulegir fundir með UNICEF.

Endurmat er veitt eftir að aðgerðaáætlun er framkvæmd, stöðumat með starfsfólki kemur vel út, öllum gögnum skilað og viðtöl koma vel út.

Ítarlega er farið í hvert innleiðingarskref aftur í þessari handbók.

Mikilvægt er að hafa það í huga að innleiðingu Réttindaskóla UNICEF er ekki ætlað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og hann leggur sig, enda er það verkefni sem lýkur aldrei. En við færum okkur nær með hverri fræðslunni, fleiri framkvæmdum aðgerðum og auknum þátttökutækifærum fyrir börnin í leikskólanum.

Þegar fyrsta innleiðingarhring er lokið og viðurkenning hefur verið veitt, er haldið af stað í nýjan hring þar sem við höldum áfram að fræða starfsfólk og börn, vinnum nýja aðgerðaáætlun, rýnum enn frekar í starfið okkar og tökum fleiri skref í átt að réttindamiðuðu umhverfi þar sem öll iðka réttindi fyrir sig sjálf og aðra.

**SJÁ TÍMALÍNU
Á BLS. 64–65**

RÉTTINDASKÓLAR UNICEF - HUGMYNDAFRÆÐI & HAGNÝTT VERKEFNI

MARKMIÐ RÉTTINDASKÓLA

Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem innleiða verkefnið vinna að því að ná fimm markmiðum sem byggja á Barnasáttmálanum. Aðgerðaáætlun er unnin út frá niðurstöðum stöðumats ásamt markmiðum verkefnisins og gott er að hugsa öll verkefni og aðgerðir út frá því hvernig þær styðja við markmiðin fimm. Meira um aðgerðaáætlun á bls. 78.

Fyrsta markmiðið er að auka þekkingu á réttindum barna. Börn og fullorðin eiga að þekkja Barnasáttmálann og geta tengt hann við skólasterfið. Barnasáttmálinn á að vera hluti af námskrám, kennsluáætlunum og þjálfun starfsfólks.

Annað markmiðið er aukin þátttaka barna. Starfsfólk þarf að vinna markvisst að því að auka og efla tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni sem þau varða. Starfsfólk tekur tillit til skoðana barna og gefur þeim upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru.

Þriðja markmiðið er betri greining á stöðu barna. Stöðumat er framkvæmt með öllu starfsfólki: ein einstaklingskönnun og ein deildarkönnun þar sem þekking, viðhorf og leikskólasterfið

er kortlagt. Stöðumat er einnig lagt fyrir elstu börnin á leikskólanum til þess að meta þekkingu þeirra á réttindum sínum.

Fjórdá markmiðið eru aðgerðir sem bæta aðstæður barna. Skólar sem innleiða Réttindaskóla og -frístund UNICEF vinna aðgerðaáætlun úr niðurstöðum stöðumats og tryggja að aðgerðir í þágu réttinda barna séu settar í forgang. Réttindaskólar UNICEF styðja opinberlega við réttindi barna.

Fimmta markmiðið er samstarf út frá þörfum barnsins. Skólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og aðrar stofnanir í nærumhverfi barnsins þurfa að eiga í samstarfi til að tryggja réttindi barna og vinna að sameiginlegri sýn á réttindi barna. Samstarfið er þróað með það að markmiði að deila reynslu og efla réttindastarfið. Markmiðið með auknu samstarfi er einnig að vernda réttindi þeirra barna sem þurfa sértækan stuðning með viðeigandi aðlögun. UNICEF hvetur til samstarfs við foreldra.

Þannig er verkefnið Réttindaskóli og -frístund UNICEF bæði hugmyndafræði og hagnýtt innleiðingarferli sem miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

SVONA HÖFUM VIÐ ÁHRIF

Í innleiðingu Réttindaskóla byrjum við á því að tryggja fræðslu og skilning hjá öllu fullorðnu fólki sem vinnur í leikskólanum. Þar skiptir ekki máli hvort starfsmaður vinni í eldhúsi, sé leiðbeinandi inni á deild eða stjórnandi, allt fullorðið fólk á að þekkja réttindi barna og vita hvað það þýðir að virða réttindi allra barnanna í leikskólanum.

UNICEF leggur áherslu á eftirfarandi grunnatriði í allri fræðslu og skilningur á þessum hugtökum tryggir grundvallarskilning á réttindum barna og hvernig má innleiða Barnasáttmálann í leikskólasterfið. Langtímaáhrif reglulegrar barnaréttindafræðslu eru þau að börn og fullorðin iðki réttindi og nýti Barnasáttmálann og barnaréttindanálgu í leik og starfi. Breytingarkenning barnaréttindafræðslu UNICEF tengist svo beint breytingakenningu Réttindaskólanna sem sjá má á bls. 35–36 því fræðslan er grunnurinn að öllum breytingum innan skóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem innleiða Barnasáttmálann með þessum hætti.


**BARNARÉTTINDAFRÆÐSLU
UNICEF MÁ FINNA Á INNRA
SVÆÐI UMSJÓNARMANNA,
UNICEF – AKADEMÍUNNI OG
HEIMASÍÐU UNICEF.**

Svona höfum við áhrif með barnaréttindafræðslu

Aðgerðir



Barnaréttindafræðsla UNICEF felur í sér fræðslu um...



Afurðir




Þau sem fengið hafa barnaréttindafræðslu á vegum UNICEF á Íslandi...



Áhrif



Langtímaáhrif barnaréttindafræðslu fyrir fullorðna á líf barna



Svona höfum við áhrif í Réttindaskóla og -frístund

Aðgerðir

Stuðningur UNICEF við skóla og frístund

1. Aukin þekking á réttindum barna

Fræðsluefni um réttindi barna	Fræðsluefni um barnaréttindafræðslu
Vinnustofur og fundir fyrir umsjónarmenn og stjórnendur	

2. Aukin þátttaka barna

Réttindaráð	Fræðsla um réttindamiðaða þátttöku barna
Stuðningur við þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi	

3. Betri greining á stöðu réttinda barna

Könnun á þekkingu á réttindum barna og tækifærum til þátttöku	Öryggis- og aðgengiskönnun
---	----------------------------

4. Aðgerðir sem bæta aðstæður barna

Stuðningur við gerð aðgerðaráætlunar	Úttekt á starfi skóla og frístundar
--------------------------------------	-------------------------------------

5. Aukið samstarf

Krafa um samstarf grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva	Hvatning til samstarfs innan hverfis eða sveitarfélags
Samkomulag við sveitarfélög um stuðning við innleiðingu	

Afurðir

Áhrif á störf skóla og frístundar

Starfsfólk þekkir réttindi barna og hefur þau hlíðsjónar í sínum störfum

Barnasáttmálinn er hluti af námskrá, kennsluáætlun og þjálfun starfsfólks

Leikskóli, grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð formfesta réttindamiðaða þátttöku barna

Starfsfólk er meðvitað um áhrif starfa sinna og starfsumhverfisins á börn

Starfsfólk gripur til aðgerða til þess að koma í veg fyrir mismunun

Leikskóli, grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð forgangsraða aðgerðum í þágu réttinda barna

Leikskóli, grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð styðja opinberlega við réttindi barna

Grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð vinna saman að réttindum barna

Leikskólar, grunnskólar, frístunda-heimili og félagsmiðstöðvar vinna eftir sameiginlegri sýn á réttindi barna

Áhrif

Áhrif Réttindaskóla og -frístundar á líf barna

Börn og fullorðin þekkja réttindi barna

42.grein: Öll verða að þekkja réttindi barna

Börn taka þátt og hafa áhrif

12.grein: Þátttaka barna

Börn njóta jafna tækifæra

2.grein: Öll börn eru jöfn

Börn upplifa að hagsmunir þeirra séu settir í forgang

3.grein: Það sem er barninu fyrir bestu

Börn upplifa öryggi og að réttindi þeirra séu virt

4.grein: Réttindi gerð að veruleika

Allt starf Réttindaskóla og -frístundar stýður við 29.gr Barnasáttmálans en í henni segir:

“Menntun á að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni.

Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika.

Menntun á að hjálpa þeim að lifa friðsamlega og að vernda náttúruna.”



unicef
fyrir öll börn

29. GREIN BARNASÁTTMÁLANS

Þegar við höfum tryggt fræðslu og skilning á þessum hugtökum hjá starfsfólki skólans er kominn tími til að skoða starfið í leikskólanum og sjá hvernig við höfum þau áhrif sem við viljum hafa. Við viljum hafa áhrif á þekkingu barna og fullorðinna á réttindum barna, að börn taki þátt og hafi áhrif, að börn njóti jafnra tækifæra, að börn upplifi að hagsmunir þeirra séu settir í forgang og að þau upplifi öryggi og að réttindi þeirra séu virt.

Allt starf Réttindaskóla UNICEF styður við 29. grein Barnasáttmálans.



Heildartexti 29. greinar Barnasáttmálans

1. Aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að:

a. Rækta eftir því sem frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess.

b. Móta með því virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og grundvallarsjónarmiðum þeim er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.

c. Móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs.

d. Undirbúa barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðhátta-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum.

e. Að móta með því virðingu fyrir náttúrulegu umhverfi mannsins.


BARNARÉTTINDA- FRÆÐSLA STARFSFÓLKIS

Á UNICEF – Akademiunni má finna rafræn námskeið um Barnasáttmálann, merkingarbæra þátttöku barna, vernd og réttindafræðslu í framkvæmd og hvetjum við alla leikskóla til þess að kynna námskeiðin fyrir öllu starfsfólki. Sum sveitarfélög eru komin með fræðslu frá UNICEF inn í sín rafrænu fræðslukerfi og er það sama fræðsla og er inni á UNICEF – Akademiunni.

UNICEF á Íslandi býður umsjónarmönnum og stjórnendum á vinnustofur einu sinni á ári og eru þær vinnustofur haldnar á haustin. Við hvetjum alla leikskóla til þess að senda fulltrúa á hverju ári á vinnustofurnar til þess að viðhalda þekkingu, fá nýjar hugmyndir fyrir fræðslu með starfsfólki og tryggja áfram farsæla innleiðingu Barnasáttmálans.

Í verkefnabókinni Barnasáttmálinn í leikskólanum má finna verkefni sem gott er að vinna með starfsfólkinu í upphafi innleiðingar en einnig er gott að festa verkefnavinnuna og fræðsluna í sessi og rifja reglulega upp út á hvað innleiðingin gengur, fá nýjar hugmyndir og tryggja nýju starfsfólki fræðslu.

Hér er tillaga frá leikskóla á Akureyri að markvissri barnaréttindafræðslu fyrir starfsfólk. Textinn er tekinn úr greinargerð leikskólans. Þau nýttu fimm skipulagsdaga á tveimur árum til þess að vinna verkefnið í bókinni, sækja námskeið hjá UNICEF, bæði rafræn sem og í persónu. Tíminn á milli skipulagsdaga var nýttur til þess að vinna aðgerðaáætlun og gera breytingar á starfinu.



Úr skýrslu leikskólans:

SKIPULAGSDAGUR 1

Starfsmannahópurinn vann verkefni númer 1 í verkefnaheftinu (bls. 9) á vorönn þegar leikskólinn var að hefja innleiðingarferlið. Verkefnið heitir Barnasýn og þar voru lesnar upp staðhæfingar og starfsfólkið tók afstöðu til þeirra, hvort það væri sammála þeim eða ekki, og svo var rætt hvers vegna og hvers vegna ekki.

SKIPULAGSDAGUR 2

Stöðumat var unnið með starfsfólkinu og var unnið eitt stöðumat á hverri deild. Miklar umræður áttu sér stað um stöðuna á öllum deildum og lærdómsríkt að bera saman gögnin.

SKIPULAGSDAGUR 3

Unnum verkefni 2 í verkefnaheftinu (bls. 10)

Starfsmannahópnum skipt í tvo hluta, 15 manns í öðrum hópnum og 16 í hinum. Umsjónarmenn innleiðingarinnar sátu hjá og aðstoðuðu og veittu upplýsingar þegar þurfti. Ferlið var ljósmyndað. Annar hópurinn fékk greinar 1 til 21 og hinn hópurinn fékk greinar 22 til 42. Hóparnir fengu þau fyrirmæli að lesa yfir greinarnar og forgangsraða eftir mikilvægustu greininni til hinnar minnst mikilvægustu og raða upp í píramída. Þegar hóparnir voru búnir að raða niður greinunum kynntu þeir efstu 13 greinarnar og útskýrðu af hverju þessar eru efstar.

Næst fóru hóparnir aftur á stöðina sína, nú búin að velja 9 mikilvægustu greinarnar hjá báðum hópunum. Verkefnið núna var að raða niður mikilvægustu niður í minnst mikilvægustu eins og í fyrra verkefninu, mynda tígul með greinunum 9 og þær eru efstar sem við erum að sinna vel og neðstar sem við mættum hugsa betur út í.

Í lokin kynntu hóparnir aftur uppröðunina. Niðurstöðurnar voru mjög líkar. Gaman var að sjá hvað allir unnu vel saman í hópunum og flestir mjög virkir og áhugasamir. Eins var gaman að sjá hvað starfsmannahópurinn vinnur eins, spjöldin mjög lík og við greinilega að hugsa og vinna svipað sem hópur.


SKIPULAGSDAGUR 4

Unnum verkefni númer 3 í verkefnaheftinu (bls. 11). Starfsmannahópnum var skipt í fimm hópa, 4–5 manns í hverjum hóp. Umsjónarmenn innleiðingarinnar sátu hjá og aðstoðuðu og veittu upplýsingar þegar þurfti. Ferlið var ljósmyndað. Hóparnir fimm fengu tvær greinar hver, alls 10 greinar sem voru ofarlega í píramídanum frá síðasta vinnufundi starfsfólksins. Hóparnir fengu þau fyrirmæli að lesa yfir greinarnar og vinna með PMÁ (plús, mínus og áhugavert). Hóparnir voru ca. 25 mínútur að vinna með hvora grein og eftir það komu hóparnir saman og kynntu niðurstöðurnar. Eins og áður var gaman að sjá hvað allir unnu vel saman og starfsmannahópurinn er samstilltur.

SKIPULAGSDAGUR 5

Unnum verkefni númer 4 í verkefnaheftinu (bls. 12). Starfsmannafundur eftir vinnu, byrjaði klukkan 16:20. Starfsmannahópnum var skipt í þrjá hópa, 8–9 manns í hverjum hóp. Fjórir umsjónarmenn innleiðingarinnar sátu hjá og aðstoðuðu og veittu upplýsingar þegar þurfti. Ferlið var ljósmyndað. Hóparnir þrír fengu fjórar greinar hver: 2. grein, 3. grein, 12. grein og 42. grein. Spurningar fylgdu hverri grein sem hóparnir svöruðu. Í lokin komu hóparnir saman og við fórum yfir svörin. Umræður sköpuðust og kom ekki á óvart hve samstilltur starfsmannahópurinn er og hve svörin voru svipuð hjá öllum þremur hópunum.

Leikskólinn hélt vel utan um hvernig gekk, umræðupunkta og tók myndir. Myndir og skýrsla um þessa þjálfun og fræðslu starfsfólksins voru hengdar upp á veggjum skólans og kynntar vel fyrir foreldrum.



**UNICEF MÆLIR MEÐ AÐ NÁMSKEIÐ
OG FRÆÐSLA SEM STARFSFÓLK
TEKUR SÉ KYNNT FYRIR
FORELDRUM TIL ÞESS AÐ VARPA
LJÓSI Á ÞÁ FAGLEGU VINNU SEM
FRAM FER INNAN LEIKSKÓLANS.
EINNIG GETUR ÞAÐ HVATT TIL
SAMTALS UM INNLEIÐINGU
BARNASÁTTMÁLANS OG VAKIÐ
UPP ÁHUGA HJÁ FORELDRUM/
FORSJÁRAÐILUM AÐ KYNNNA SÉR
INNLEIÐINGUNA OG HVAD Í
HENNI FELST.**

Önnur verkefni sem gaman er að vinna á starfsdögum eru t.d. Réttinda-tígullinn og PMÁ-greining út frá honum.

Takið þessar níu greinar sem er raðað lengst til hægri á myndinni og rýnið í skólafarfið út frá þeim. Raðið þeim inn í tígullinn og þá sjáðið þið hvaða þrjár eru efstar, hvaða þrjár eru í miðjunni og hverjar eru neðst. Ræðið af hverju sumar eru efstar og aðrar neðst. Hvað væri hægt að gera til þess að ná öllum í efstu línu?

Oft er þetta mismunandi eftir deildum en þetta er góð leið til þess að sjá hvar þið standið gagnvart þessum greinum, hvað þið eruð að gera til þess að standa ykkur vel gagnvart sumum þeirra og hvað mætti laga eða leggja áherslu á í innleiðingunni. Svo er hægt að vinna verkefnið aftur og velja aðrar greinar sem þið viljið leggja áherslu á og meta hvar þið standið gagnvart þeim greinum.

TÍGULLINN OG PMÁ-GREINING ÚT FRÁ DAGSKIPULAGI OG ÁHERSLUÞÁTTUM OG 12. GREIN BARNASÁTTMÁLANS.


Við mælum með að leikskólinn velji sér einn þátt í dagskipulaginu til þess að rýna í út frá þátttökulíkani Lauru Lundy.

Fimm leikskólar í Reykjavík tóku þátt í að þróa innleiðingarferli Réttindaskóla á leikskólastigi og hluti af því var að velja einn hluta í leikskóladeginum og rýna í hann út frá 12. greininni, skoða hvort og þá hvernig börnin fengu að láta skoðanir sínar í ljós, hver hlustar og hvernig hlustað er og hvort tekið sé mark á skoðunum þeirra. Hafa börnin áhrif á þennan hluta leikskólastarfsins og ef ekki hvernig væri hægt að bregðast við því.

Einn leikskólinn valdi útiveru, annar matartíma, þriðji hvíldina o.s.frv. Eftir þessa miklu rýnivinnu í áhersluþátt í dagskipulagi gerðu leikskólarnir breytingar í kjölfarið sem stuðla að aukinni þátttöku barnanna og meiri áhrifum þeirra á umhverfi sitt. Um leið og einn áhersluþáttur var farinn að virka vel þá fór þessi vinna að færa sig yfir á aðra þætti leikskólans. Sem dæmi, ef ákveðið var að auka áhrif barna í matartímanum með því að innleiða flæði í matsal jókst þátttaka og áhrif barnanna og hlustun og tillit starfsfólks einnig í öðrum þáttum starfsins svo sem í útiveru.

UNICEF mælir með að leikskólar nýti þetta verkefni til þess að velja einn þátt til þess að byrja að rýna í og að allar deildir taki þátt í þeirri vinnu.

RÉTTINDA-TÍGULLINN PMÁ-GREINING



PLÚS


Hverjir eru styrkleikarnir í okkar starfi?

ÁHUGAVERT

Hvaða áhugaverðu þættir eru í okkar starfi sem við höfum ekki hugsað um áður eða við værum til í að útfæra frekar út frá þessari grein?

MÍNUS

Hverjir eru veikleikar/takmarkanir í starfi okkar út frá þessari grein?



AÐGERÐIR

Hvernig getum við unnið frekar með þessa grein í okkar starfi? Nefnið a.m.k. tvær aðgerðir

AÐ VELJA ÁHERSLUÞÁTT – DÆMI FRÁ LEIKSKÓLUM.

Leikskólinn valdi útiveru sem áhersluþátt. Ástæðan var sú að viðmót til útiveru var ekki gott. Börnum fannst ekkert skemmtilegt í gangi úti, starfsfólk kvartaði undan veðri fyrir framan börnin og útiveran var notuð sem refsing. „Núna ert þú með læti, þú átt að fara út“

Byrjað var að rýna í það hvers vegna börnin vildu ekki fara út? Hversu lengi þurftu börnin að bíða í fataherbergi eftir að þau höfðu klætt sig? Erum við að taka af þeim leiktíma? Hvernig tölum við við börnin um útiveruna? Þjóðum við upp á val og útskýrum við hvað á að gera, eða hvað er í boði að gera úti?

Í stöðumati hjá leikskólanum staðsettu þau sig í þátttökustiga Rogers Hart í neðstu þrepunum þremur; ráðskast með þátttakendur, táknræn þátttaka og þátttaka til skrauts. Áhrif barnanna á útiveruna voru nánast engin og þar af leiðandi var lítill áhugi á því að taka þátt í henni.

DÆMI!

FERLIÐ Í GRÓFUM DRÁTTUM.

- Byrjað var á starfsfólkinu.
- Fræðsla fyrir starfsfólk um Barnasáttmálann.
- Fræðsla um útinám.
- Kynntum innleiðinguna fyrir foreldrum, svo þeir taki þátt með okkur.
- Vikupóstur- að vera með kafla um útiveru inni í vikupóstinum til að upplýsa foreldra og miðla árangri.
- Ljósmyndaskráningar og deildarfundir til þess að halda utan um breytingar.
- Daglegar kosningar barna um hvort þau vilja vera inni eða úti – fylgjast með hvort það er munstur í vali barnanna og hvort það eru sömu börn sem kjósa alltaf að vera inni og af hverju.

NIÐURSTÖÐUR ERU EFTIRFARANDI:

Þegar starfsmaður spyr að morgni: „hvað viljið þið gera í dag?“ þá velja börnin undantekningalaust að fara í frjálsa útiveru. Svo margt hefur breyst. Krakkarnir eru frekar til í að vera úti en áður því þau fá að velja sjálf hvort þau fara út og þau velja líka hvernig þau klæða sig. Þau meta það eftir veðri og vindum. Nokkrir starfsmenn eiga erfitt með að leyfa börnunum að velja klæðnað fyrir útiveru. Við leggjum áherslu á lýðræði þegar

HVERJU VAR BREYTT?

- Fatnaður - börnin fá að ráða hvernig þau klæða sig.
- Börnin bíða ekki klædd inni þangað til öll börnin eru tilbúin, þau fara beint út.
- Börnin fá að velja hvort þau fari út eða leiki inni.
- Börnin velja sjálf hvenær þau vilja koma inn.
- Núna eru stöðvar með skemmtilegum verkefnum: mála, kubba, rannsaka, sulla.
- Fleiri vettvangsferðir, borða stundum úti, fleiri útileikir.
- Starfsfólk virkara úti.

kemur að þessum hlutum sem og öðrum. Við starfsfólkið þurfum að læra að vinna svona.“

Óhætt er að segja að leikskóli X hafi fært sig úr neðstu þrepum þátttökustigans upp í merkingarbæra þátttöku en einnig er gott að setja þetta dæmi inn í Lundy-módelið og horfa á rými, áheyrendur, rödd og áhrif út frá þeirra rýni í útiveruna og þeim breytingum sem fylgdu í kjölfarið. Lundy-módelið má finna á bls. 53.

BETRI ÚTIVERA – REYNSLUSAGA ÚR LEIKSKÓLA Í REYKJAVÍK

Þegar starfið var skoðað með tilliti til innleiðingar Barnasáttmálans og Réttindaskóla UNICEF og hvaða þátt við myndum vilja taka fyrir, kom útiveran fljótt upp sem umræðuefni. Það sem við köllum ríkisútiveru og að nota hana sem hækju í mannekle var ansi ríkjandi í skólanum; þessi kvöð að vera úti í ákveðið langan tíma, á ákveðnum tíma dags og sama hvað hver vildi. Þegar við tölum um hækju þá er það þegar öll börn eru sett út til að mæta vanda vegna mannekle, allir út að hlaupa af sér hornin. Þetta þótti okkur ekki mjög barnvænt og fannst tilvalið að taka þennan þátt starfsins fyrir og sjá hvað væri hægt að gera til að bæta útiveruna. Gera hana barnvænni og að meiri gæðastund frekar en kvöð og skyldu.

TILGANGUR ÚTIVERUNNAR

Umræðan sneri fyrst að tilgangi útiverunnar. Fyrir hvern er hún? Hver er tilgangurinn með því að fara út? Hvers vegna er útiveran notuð sem hækja í mannekle? Hvað getum við gert til að gera útiveruna skemmtilegri og að meiri gæðastund?

Áherslan var því lögð á að reyna að breyta orðræðunni um útiveruna, fá fólk til að hugsa um hana á annan hátt en áður og breyta því hvernig við notum þetta námssvæði skólans með börnin að leiðarljósi en ekki skipulag skólans. Við fengum fræðslu um útinám, tókum umræður á starfsdögum og margir prófuðu sig smám saman áfram í að reyna að breyta útiverunni.

NÝ NÁLGUN Á ÚTIVERUNA

Það kom fljótt í ljós að fólk var liðlegt í að gera skemmtilega hluti í útiverunni, vera með verkefni, taka dót út og fleira. Það var mjög ánægjulegt. Það gekk hins vegar mjög erfiðlega að fá fólk til að stíga frá gömlum vana ríkisútiverunnar og hækjunnar. Íðulega heyrði maður samtal við börn þar sem setningin „en það eiga allir að fara út“ eða „við förum bara með alla út eftir hádegi til að leysa kaffitíma“. Sú umræða að börnin verði að vera úti í ákveðið langan tíma var líka orðræða sem var mjög erfitt að eiga við. Í þessum umræðum vildum við breyta orðræðunni í hvers vegna vill barnið ekki fara út? Hvað veldur því? Er það upptekið? Líður því illa í útiveru? Vantar það hvatningu eða aðstoð? Er það fatnaðurinn?

Það er nefnilega svo margt sem getur orsakað það að barn vilji ekki fara í útiveru, kannski er það upptekið og myndi heldur vilja fara út síðar.

DÆMI!



FRJÁLS ÚTIVERA

Þegar leið á veturinn var ein deild með val í tengslum við útiveruna. Börnin gátu valið að fara út fyrir eða eftir hádegi og mátti alltaf velja bæði ef þannig lá á börnunum. Í sumum tilfellum fór barn ekki út allan daginn, þá var rætt við barnið um ástæðuna fyrir því. Aldrei kom upp sú staða að barn fór ekki út marga daga í röð. Það sem þessi deild sá fljótlega var að öll streita í kringum útiveru minnkaði, togstreita í fataherbergi um hvað ætti að klæða sig í fór einnig minnkandi. Þau gátu líka alltaf farið inn úr útiverunni, þurftu bara að láta vita svo starfsfólk hefði yfirsýn yfir hver væru úti. Sum börn fóru alltaf á sama tíma út og fundu sér ákveðna rútinu hvað það varðar. Önnur börn gátu farið stutt út, mjög lengi út eða í einhverjum tilfellum ekkert út.

Þegar leið á vorið var ákveðið að prófa að hafa útiveruna alveg frjálssa, þeim var boðið að koma með starfsmanni út á ákveðnum tímum, oftast en ekki var hins vegar búið að óska eftir því og þá bauðst starfsmaður til að fara með þeim. Þetta heppnaðist afar vel. Bæði starfsfólk og börn voru mjög ánægð með þetta. Eitt barnið sagði meira að segja frá því heima að það réði alveg hvort það færi út.



VIÐHALD NÝRRAR NÁLGUNAR

Eins og með svo margt annað er auðvelt að detta aftur í gamalt far og grípa í gamla reynslu. Annað árið okkar byrjaði því aftur á því að reyna að vinna í þessari ríkisútiveru og hækjuhugsun. Minna fólk á að valið ætti að vera til staðar og þetta viðhorf að setja alla út í einu væri ekki í boði lengur. Eftir ákveðinn tíma og umræður þokaðist samt ekki nægilega vel áfram þessi hugsun um frjálssa útiveru. Það er erfitt þegar starfsmenn vilja ekki tileinka sér nýja leið en að sama skapi var þetta ekki orðin föst regla. Heldur var þetta umræða og fólk fékk að útfæra þetta á þann hátt sem hentaði deildinni. Það olli ákveðinni ringulreið í því sem við vildum reyna að samræma í gegnum skólann allan. Það var því tekin ákvörðun um að setja í aðgerðaráætlun að lágmark einu sinni í viku átti að vera alveg frjálss útiverudagur. Þetta væri ekki val heldur skylda. Deildarnar máttu velja daginn en að öðru leyti var þetta ekki val fyrir fullorðna fólkið. Það mátti vera alla daga en aldrei minna en einu sinni í viku. Flestar deildir enduðu fljótt á því að hafa alla daga frjálssa eftir þessa ákvörðun, þar sem þetta var að gefast vel.



NIÐURSTÖÐUR OG FRAMTÍÐARSÝN

Okkar upplifun er sú að útiveran er með jákvæðari orðspor á sér ef svo er hægt að segja. Starfsfólk leggur sig fram við að gera hana skemmtilega, börnin eru jákvæðari gagnvart henni – og við stöndum í þeirri trú að það sé vegna þess að nálgunin er barnvænni og ekki einhver kvöð. Það dettur enn þá oft inn hjá starfsfólki þessi hugsun að allir fari bara út en það er að breytast, fólk hikar ekki við að setja spurningamerki við það, af hverju er það lausn?

Breytingar taka tíma og það er erfitt að breyta rótgrónum vinnuháttum. Okkur finnst loksins núna fleiri skref áfram en aftur á bak.

Næstu skref eru að setja þetta inn í nýja skólanámskrá. Setja upp hvernig við sem skóli ætlum að stefna að frjálssri útiveru á elstu deildum. Hvernig leggjum við grunninn, kennum börnunum, hlustum á þau og getum mætt þeim. Dæmi væri hægt að nefna að þegar þau eru yngst og eru grátandi úti og vilja inn, þá mætum við því. Eða ef þau gefa til kynna að þau langi út, getum við ekki mætt því? Það þarf að byggja upp færni barnanna, vinna með viðhorf starfsfólks og dagskipulag skólans til þess að þegar þau eru orðin elst eiga þau að geta stjórnað því sjálf hvort þau séu inni eða úti.


REYNSLUSAGA AF INNLEIÐINGU RÉTTINDASKÓLA – SAMANTEKT ÚR GREINARGERÐ EFTIR FYRSTA INNLEIÐINGARHRING


Fyrri árið vann hver deild með ákveðnar aðgerðir og skoðaði þætti í starfinu sem voru þeim hugleiknir. Yngsta deildin byrjaði t.d. að skoða söngstundir því þar komu fram mjög mismunandi skoðanir starfsfólks á því hvernig söngstundir ættu að vera og hvaða kröfur ætti að gera til barnanna. Þau færðu sig síðan í að skoða hvíld af sömu ástæðu. Deild V tók fyrir aðlögun því þau voru að aðlaga heila deild og skoðuðu svo hvíld frá ólíku sjónarhorni en yngsta deildin. L-deild tók bleyjuskipti því á þeirri deild voru svo mörg börn í þann mund að hætta með bleyju og tóku síðar fyrir samverustundir. Á Y-deild var mikil fjölmennig og breiður aldurshópur og því lá beinast við þar að vinna með að hver og einn hefði rödd. En þáttur Y gekk ekki nægilega vel þar sem miklar breytingar voru á starfsmannahaldi á deildinni og áskoranir miklar og því fór þessi þáttur ekki lengra í ferlinu. Hver þáttur sem unnin var á deildum var kynntur fyrir hinum deildunum og unnið með þættina áfram í tengslum við gerð skólanámskrár.



Þættirnir; hvíld, samverustundir, bleyjuskipti/ klósettferðir og aðlögun voru fyrst skoðaðir og ýmislegt prófað, rannsakað og ígrundað. Því næst tók faghópur leikskólans fund þar sem niðurstöður voru ræddar og gert uppkast að nýjum köflum um þessi atriði í skólanámskrá. Að því loknu var farið yfir kaflana á starfsdögum og allt starfsfólk gat þá komið með ábendingar eða tillögur að breytingum. Að lokum voru kaflarnir hengdir upp í leikskólanum og foreldrar og aðrir gestir beðnir um að koma með ábendingar. Kaflinn um samverustundir er enn ekki tilbúinn þar sem hann þarf að innihalda mun fleira sem eftir á að skoða, en þáttökuhluti hans hefur verið ræddur.

Seinna árið var ákveðið að allar deildir myndu vinna saman að gerð hlaðborðs. Yngri deildirnar fjórar eru nú með sameiginlegt hlaðborð í aðalbyggingunni (í salnum) og eldri deildin með sér hlaðborð á Esju, sínu húsi. Við fengum í lok síðasta skólaárs og aftur í byrjun þessa skólaárs fyrirlestur um framkvæmd hlaðborðs frá deildarstjóra sem hafði kynnt sér þetta vel. Það tók samt langan tíma að finna rétta borðið, hvernig skipulagið ætti að vera og að finna rétt áhöld. Elsta deildin byrjaði aðeins á undan og gekk vel og þegar yngri deildirnar byrjuðu kom það okkur ánægjulega á óvart hversu vel gekk. Hávaðinn minnkaði og börnin mun duglegri en okkur óraði fyrir. Yngstu börnin fá enn oft aðstoð við að skammta sér í hádeginu en smátt og smátt munum við draga úr aðstoðinni. Að fræða starfsfólk um verkefnið gekk nokkuð vel og við bjuggum til og hengdum upp myndir sem kynna ákveðnar greinar Barnasáttmálans fyrir foreldrum og starfsfólki.





Einn hluti innleiðingar Barnasáttmálans er að stofna Réttindaráð.

Réttindaráð er stýrihópur innan skólans sem fer fyrir innleiðingu verkefnisins. Mikilvægt er að skipuleggja reglulega fundi yfir allt skólaárið.

Yfirleitt skipa elstu börnin Réttindaráð en eins og dæmið hér að framan sýnir eru leikskólar að prófa sig áfram með þetta og hvað hentar best hverjum og einum skóla og barnahópnum hverju sinni.


Réttindaráð í Réttindaskólum funda reglulega. Við mælum með fundum tvisvar í mánuði eða oftar en það er einnig í höndum hvers leikskóla fyrir sig að útfæra fundina eins og hentar best. Mikilvægt er að öll börnin í elsta árgangi fái tækifæri til að sitja réttindaráðsfund og fá skilning á því hvert hlutverk ráðsins er.

DÆMI UM ÚTFÆRSLU. SAMANTEKT ÚR GREINARGERÐ LEIKSKÓLA Á AKUREYRI.

Elstu börnin í leikskólanum sitja í Réttindaráði. Fyrsti fundur var í febrúar 2024 og fundir haldnir vikulega eftir það. Fjögur til fimm börn á hverjum fundi (alls 24 börn í árganginum) svo hver hópur fundaði einu sinni á fimm vikna fresti. Á fyrstu fundunum var Réttindaráðið að mestu að vinna með hugmyndakassann og ræða um réttindin en fljótlega fórum við að vinna með réttindaspjöldin á fundunum. Verkefnastjóri elstu deildar sat Réttindaráðsfundina og tengiliður sat fyrstu fundina og var eftir það tilbúinn að koma ef þess var óskað. Börnin fundu góðan stað fyrir hugmyndakassann og er hann staðsettur inni á deildinni og opnaður vikulega á Réttindaráðsfundunum. Þar sem elsti árgangur leikskólans er með aðsetur í grunnskólanum ákváðum við að vera með annað réttindaráð (yngra Réttindaráð) sem næstelsti árgangur situr í. Þar með erum við með tvö Réttindaráð. Eins fannst okkur þurfa að vera hugmyndakassar í báðum húsakynnum og erum því með tvo hugmyndakassa. Fyrsti fundur yngra Réttindaráðs var haldinn í mars 2024 og var fyrirkomulagið eins og hjá eldra Réttindaráðinu, umræður og hugmyndakassinn. Áætlað er að vinna með fjögur til fimm börn í einu en börnin eru alls 17 og hver hópur fundar einu sinni í mánuði.

Börnin í yngra Réttindaráðinu fundu líka góðan stað fyrir hugmyndakassann sem er staðsettur á ganginum fyrir framan deildirnar og eins og hjá eldra ráðinu er hann opnaður vikulega og athugað með innihaldið.

Þegar Réttindaráðið fór af stað fundaði hver hópur mánaðarlega og voru fundirnir oftast um 15–30 mínútna langir. Hugmyndakassinn var alltaf opnaður og yfirleitt voru einhverjar hugmyndir í honum. Þær voru ræddar og kosið um þær þegar þurfti. Aðgerð númer fjögur (í aðgerðaáætlun leikskólans), „að börnin fái meira val í matartímunum“ kom upp úr hugmyndakassa elsta árgangsins. Hugmyndin hljóðaði upp á að viðkomandi vildi fá Cheerios í morgunmat á föstudögum en ekki hafragraut eins og er í boði á föstudögum. Hugmyndin var rædd á Réttindaráðsfundi og ákveðið að athuga hvort hægt væri að hafa bæði hafragraut og Cheerios í boði á föstudögum. Börnin báru hugmyndina undir leikskólastjóra og matráð og hugmyndin var samþykkt. Á föstudögum er hvort tveggja í boði og börnin alsæl.



Á heimasíðu sem Patricia Segura Valdes, leikskólakennari á Læk í Kópavogi heldur úti, má finna góða lýsingu á lýðræðisfundum líkt og Réttindaráð sitja:

Tilgangur þessarar síðu er að skrá atburði á lýðræðisfundum barna á aldrinum 5–6 ára. Fundirnir fara fram innan leikskólans einu sinni í viku og tilgangur fundanna er að gefa börnunum tækifæri til að tjá sig, efla félagsfærni, frumkvæði og sjálfræði.

Stærð barnahópanna eru 6–7 þátttakendur, eftir samsetningu barnahópsins.

Þemað er valið af kennurunum og börnunum og á að endurspegla þá starfsemi sem börn hafa áhuga á. Allir hafa tækifæri til að tjá sig, stjórna fundum og sitja hjá.

Fundirnir eru byggðir á gildum virðingar, umburðarlyndis og þátttöku. Lýðræðisfundir eru mikilvægur hluti af námskrá leikskóla á Íslandi.

Lýðræðisfundir eru 15 til 20 mínútur. Lengdin tekur mið af þoli barnanna til að sitja fundi til að stuðla að vellíðan þeirra á fundinum.

BARNASÁTTMÁLINN Í LEIKSKÓLANUM – VERKEFNAVINNA MEÐ BÖRNUM Á ÖLLUM DEILDUM.

Í verkefnaheftinu Barnasáttmálinn í leikskólanum má finna átta mismunandi verkefni sem gott er að nýta í vinnu með börnum á öllum deildum. Ekki er nauðsynlegt að vinna með öll verkefni á öllum deildum heldur finna út hvaða verkefni henta hvaða aldri og hvaða hópi best. UNICEF mælir með að starfsfólk prófi verkefni í heftinu og geri áætlun um það hvaða verkefni skuli vinna með börnunum og hvernig sú vinna eigi að fara fram. Einnig er tilvalið að skoða markmiðin sem eru með hverju verkefni og hvort verið sé að vinna að verkefnum með sömu markmið. Þá er um að gera að halda því áfram en bæta við tengingunni við réttindi barna og greinarnar í Barnasáttmálanum.

Leikskólar sem hafa unnið með verkefnaheftið gera það á mismunandi hátt. Það er í ykkar höndum hvernig þið aðlagið verkefni að aldri en flest þeirra miða við 4–6 ára börn. Það er hægt að einfalda verkefni fyrir yngri börn og hér til hliðar má sjá útfærslu fyrir 1–3 ára börn frá leikskóla í Kópavogi, ásamt reynslusögu frá leikskóla á Akureyri.

VERKEFNI 1. ÉG Á RÉTTINDI.

Útfærsla fyrir yngstu börnin:

Hvenær ertu glöð/glaður/glatt?
Nota tilfinningakarla og tilfinningablús. Gera tré, hvað þarf tréð til að því líði vel? Hvenær líður þér vel?

Líma réttindalaufblöð á tréð. Málning og handaför.

Reynsla af því að vinna verkefnið.

Markmið:
Að kynna réttindin í Barnasáttmálanum. Að tengja saman þarfir barna og réttindi barna.

Réttindatréð. Misjafnt var milli deilda hvernig verkefnið var unnið en því eldri sem börnin voru því meiri umræður urðu og einnig gátu þau gert meira sjálf. Eftir umræður um réttindin ákváðu börnin hvaða réttindi þau vildu að myndu standa á þeirra laufblöðum. Þau teiknuðu og klipptu út laufblöð og þau sem gátu skrifuðu sjálf á laufblöðin sín. Önnur sögðu kennara hvað þau vildu að myndi standa á laufblaðinu og kennarinn skrifaði. Yngstu börnin lituðu eða máluðu laufblöðin sín. Þegar laufblað var tilbúið fór það barn sem átti laufblaðið og límdi það á stofninn sem var staðsettur á ganginum okkar. Áður en langt um leið voru komin tæp hundrað laufblöð á tréð. Skemmtilegt var að sjá tréð verða stærra og stærra með hverjum deginum.



VERKEFNI 2. LÍK OG ÓLÍK.

Útfærsla fyrir yngstu börnin:

Gera sól, vinasól. Syngja: Við erum vinir. Gott að tengja þetta verkefni við Blæ.

Reynsla af því að vinna verkefnið.

Markmið:

Að kynna jafnræði fyrir börnum. Að tengja réttindi við samskipti. Að kynna fyrir börnum að þau geti haft góð og slæm áhrif á aðra.

Vinasólinnar voru unnar á öllum deildum leikskólans á sama tíma. Á elstu deildunum gerðu börnin verkefnið að mestu sjálf eins og með réttindatréð. Í byrjun voru umræður um vináttu og hvað góður vinur gerir o.s.frv. Þá klipptu börnin út sólargeisla og lituðu eða máluðu hann og skrifuðu á geislann það sem þeim fannst einkenna góðan vin. Yngstu börnin stimpluðu fótafarið sitt til að tákna geislann og mynd af barninu var sett á geislann til að auðkenna hann. Misjafnt var hvort deildirnar gerðu eina sameiginlega vinasól eða hvort hver hópur gerði sína sól. Því gat ein deild verið með þrjár sólar á meðan næsta deild gerði eina. Allar vinasólinnar voru hengdar upp til sýnis, ýmist inni á deildunum eða á ganginum.

VERKEFNI 3. Í UPPGÖTVUNARFERÐ.

Útfærsla fyrir yngstu börnin:

Umhyggja, heimilisleikur – myndir af börnunum að sýna væntumþykju.

Reynsla af því að vinna verkefnið.

Markmið:

Að velta fyrir sér áskorunum og möguleikum fatlaðra barna. Að ræða um aðgengi í ólíku umhverfi og hvernig það tengist réttindum. Að ræða hvaða áhrif umhverfið hefur á tækifæri fólks.

Börnin settu sig í spor þeirra sem sjá ekki. Börnin prófuðu að fara um leikskólann með bundið fyrir augun og þurftu að treysta á félagana sína sem leiddu þau um rýmið. Eftir göngutúrinn ræddu þau upplifunina, hvernig það var að sjá ekki neitt? Var það erfitt? Fékkstu hjálp? Hvernig hjálp? Hvað heldur þú að sé erfitt við það að sjá ekki? Hvað heldur þú að sé létt við það að sjá ekki? Svör og umræður barnanna voru mismunandi. Sum börnin sögðu að það hefði verið gaman en önnur að það hefði ekki verið gaman að sjá ekki. Í framhaldinu útskýrði kennarinn betur hvað það þýðir að sjá ekki, vera blindur. Eins var misjafnt hvort börnunum fannst erfitt að sjá ekki, t.d. fannst einni stelpu það ekki erfitt af því að strákur leiddi hana. Strákur í hópnum fannst það erfitt af því hann sá ekkert. Þau voru öll sammála því að hafa fengið góða hjálp frá félögum sem pössuðu upp á að þau myndu ekki klessa á.

Reynsla frá öðrum leikskóla á Akureyri af því að vinna verkefnið:

Verkefni 3 byggir á 2. grein Barnasáttmálans sem segir að öll börn séu jöfn. Í 23. grein Barnasáttmálans segir að opinberir staðir eigi að vera aðlagaðir að þörfum einstaklinga með skerðingu og þeim aðgengilegir. Til að vinna þetta verkefni fóru kennarar og börnin út fyrir leikskólann með það að markmiði að skoða aðgengi, bæði að leikskólanum sjálfum sem og á leikskólalóðinni. Við hófum leikinn framan við leikskólann þar sem börnin skoðuðu innganga og við höfðum með okkur dúkkukerru sem við ímynduðum okkur í smástund að væri hjólastóll. Börnin fengu til skiptis að spreyta sig á því að keyra dúkkukerruna upp tröppurnar inn að deildum leikskólans og einnig upp tröppurnar að eldhúsinu. Við skoðuðum alla innganga í leikskólann og komumst að því að það er í rauninni bara einn inngangur inn í leikskólann okkar sem með góðu móti er hægt að keyra dúkkukerru inn og má draga af því þá ályktun að sama eigi við um hjólastóla. Þetta var allt rætt í þaula á meðan á þessum tilraunum stóð og börnin voru mjög áhugasöm um það hvernig það væri fyrir einstakling í hjólastól að komast inn í leikskólann. Einnig ráku þau augun í skilti, sem er á útvegg leikskólans, sem sýnir manneskju í hjólastól. Þar gafst tækifæri til umræðna um hvað það skilti þýddi og að bílastæðin fyrir framan það skilti væru eingöngu fyrir þau sem væru með einhvers konar skerðingu, eins og til dæmis fyrir þau sem eru í hjólastól.



VERKEFNI 4. HVER RÆÐUR?

Útfærsla fyrir yngstu börnin:

Fjölskyldan, hver ræður? Sokki og Bokki.

Reynsla af því að vinna verkefnið.

Markmið:

Að skapa samræður um hlutverk barnsins í fjölskyldunni, skólanum og í samfélaginu. Að ræða um þátttöku barna. Að komast að því hverju börn vilja vera þátttakendur í.

Útfærsla: Hvert barn fékk tvær myndir, eina af börnum og aðra af fullorðnum.

Verkefnið byrjaði á umræðum um hvað börn þurfi til að líða vel og vera glöð. Réttindi er eitthvað sem barn þarf og á rétt á. Kennarinn spurði börnin spurninga um hver það er sem ræður. Ef börnunum fannst að barnið eigi að ráða réttu þau upp myndina af börnunum en ef þeim fannst að fullorðin eigi að ráða réttu þau upp myndina af fullorðnu einstaklingunum. Ef þeim fannst að barnið og hin fullorðnu eigi að ákveða það saman fóru báðar myndirnar á loft. Dæmi um spurningar: Hver ræður því hvort þú segir frá leyndarmáli? Hver á að ákveða hvenær þú átt að borða? Hver á að ákveða hvenær þú ert södd/saddur/satt? Hver á að ákveða hvað þið gerið í leikskólanum? Dæmi um opnar spurningar: Hverju mynduð þið vilja ráða meira heima hjá ykkur? Hverju mynduð þið vilja ráða meira í leikskólanum ykkar?

VERKEFNI 5. ÉG GET!

Útfærsla fyrir yngstu börnin:

Skrifa niður hvað við getum. Lesa bókina Ég get! Setja ský á vegg með því sem við getum.

Reynsla af því að vinna verkefnið.

Markmið:

Að sýna fram á hversu mikilli þekkingu börnin búa nú þegar yfir. Að kanna hvað það er sem vekur forvitni barna. Að tala saman um mikilvægi þess að öll börn í heiminum fái tækifæri til að ganga í skóla. Öll börn eiga rétt á að þroskast og læra nýja hluti. Umræður um hvað börnin kunni nú þegar og að þau séu alltaf að þroskast og læra meira. Spurningar í framhaldi af umræðunum voru t.d.: Hvar lærðir þú allt sem þú kannt (í leikskólanum, heima, hjá vini, á æfingu)? Hver kenndi þér það? Hvað þarf barn til að geta lært nýja hluti? Hvað myndi gerast ef ekki væru til nein önnur börn eða fullorðnir í kringum ykkur til að kenna ykkur nýja hluti?

VERKEFNI 6. FJÖLSKYLDAN MÍN.

Útfærsla fyrir yngstu börnin:

Börnin koma með mynd að heiman af fjölskyldu sinni. Alls konar fjölskyldur. Foreldrar senda mynd af fjölskyldunni.

Markmið:

Að lýsa fyrir börnunum hvernig fjölskyldur geta verið ólíkar. Að skapa skilning á ólíkum fjölskyldugerðum. Að upplýsa um rétt barnsins til verndar gegn ofbeldi, misnotkun og vanrækslu.



VERKEFNI 7. EINU SINNI VAR.

Útfærsla fyrir yngstu börnin:

Sýna myndir af börnum á leikskóla í öðrum löndum. Alls konar börn, alls konar umhverfi og skólar.

Markmið:

Að þjálfar börnin í að segja frá og að hlusta á aðra. Að skapa umræður um ólík lífsskilyrði barna í heiminum. Að ræða mikilvægi þess að fullorðin hlusti á börn.




VERKEFNI 8. YNDISLEGUR HEIMUR.

Útfærsla fyrir yngstu börnin:

Hvernig líður okkur? Tilfinningakarlar. Börnin geta bent á hvernig þeim líður. Tilfinningakarlar á veggnum til að benda á. Lagið um tilfinningar.

Markmið:

Að eiga samræður um hvernig við skilgreinum góð og slæm lífsskilyrði og umhverfi fyrir börn. Að ræða um hvernig lífsskilyrði og umhverfi annarra barna eru. Að ræða hvað það þýðir að vera örugg.



UNICEF hvetur leikskóla til þess að gera kennsluáætlun þar sem unnið er með markmið þessara verkefna og að laga þau verkefni sem henta ykkar hópum og deildum.

Eins og áður segir má nýta önnur verkefni og þemu en verkefnaheftið og hér er dæmi um kennsluáætlun sem Patricia Segura Valdes, leikskólakennari á Læk, setti upp fyrir veturinn 2023–2024 fyrir 5–6 ára börn. Hún vinnur með ákveðið þema allan veturinn og miða verkefni hvers mánaðar við það þema, svo velur hún greinar Barnasáttmálans sem passa við þemað.

Yfirmarkmið:

Þema þessa skólaárs var ákveðið í september: Jákvæð þátttaka í loftslagi. Við munum halda áfram að óska eftir þátttöku foreldra í starfseminni því þetta vakti mikla gleði á meðal barna á fyrra ári.

SEPTEMBER

Markmið: Hvað eru réttindi? Réttindi barna í leikskólanum. Lestur Vináttan, smábækur frá Steinunni. 5. gr.

Að vekja til umhugsunar mismunandi fjölskyldustöðu. Sum börn þurfa aðstoð frá öðrum löndum.

Námsefnið: Réttindi til heimilis, að eiga nafn, land og öruggt umhverfi. Þekkja og njóta umönnunar foreldra sinna, ef unnt er. 7. og 8. gr.

Úrvinnsla: Að teikna fjölskyldu og heimilið okkar.

OKTÓBER

Markmið: Að börnin æfi sig í að hafa/deila skoðunum og nýta jafnrétti.

Námsefnið: Að börnin læri réttindi sín sem varða jafnræði, tjáningu og frelsi 12. gr.

Úrvinnsla: Umræður og leikir.

Teikningar: Hvað vil ég vera? Hlutverkaleikir.

NÓVEMBER

Markmið: Að börnin kynnist ýmsum verkfærum gegn einelti, ofbeldi svo sem brot á mannorði.

Námsefnið: Réttindi til friðhelgi einkalífs. Réttur til að vernda gegn ofbeldi og vanrækslu. „Þetta er líkaminn minn.“

Úrvinnsla: Leikir og umræður.

DESEMBER

Markmið: Að börnin læri um sína eigin menningu og annarra.

Námsefnið: Réttur til eigin menningar og hefða. Jóláhefðir og tónlist t.d.

Úrvinnsla: Við lesum um íslenskar jóláhefðir og kynnumst annarri menningu og hefðum.

JANÚAR

Markmið: Að börnin hafi jákvæða líkamsímynd og hugi að hreinlæti og hreyfingu.

Námsefnið: Réttur til læknisaðstoðar o.fl. Það sem barninu er fyrir bestu. Flóttamenn og börn. 21. gr.

Úrvinnsla: Umræður, teikningar. Göngutúr, íhuga hvernig er loft og hvernig tengist það við öndunarkerfið okkar.

FEBRÚAR

Markmið: Að börnin skilji mismunandi fjölskyldumynstur.

Námsefnið: Að eiga aðgang að báðum foreldrum eftir skilnað. 9. gr.

Úrvinnsla: Teikningar, umræður.

MARS

Markmið: Að hvetja til frumkvæðis barna í félagslífi.

Námsefnið: Börn eiga rétt á því að stofna sín eigin félög og hópa. Þau mega hitta vini og féлага.

Úrvinnsla: Að stofna vinafélag. Að búa til armband.

APRÍL

Markmið: Að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu.

Námsefnið: Réttindi til að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska. 27. gr.

Úrvinnsla: Göngutúr, umræður, teikningar.

MAÍ

Markmið: Að börnin átti sig á að gildi eins og virðing, þátttaka, umhyggja o.fl. séu gagnkvæm.

Námsefnið: Virðing fyrir sjónarmiðum barnsins. Hugtakið barn. Fötluð börn. 22.–23. gr.

Úrvinnsla: Börnin lýsa með orðum og teikningum hvernig er kennari og/eða fólk sem virðir þau.

HUGMYND FRÁ LEIKSKÓLA Í KÓPAVOGI

Fá nokkur börn með í að velja bækur sem þeim þykja skemmtilegar því það er auðveldara að vinna með bækur sem þeim finnst skemmtilegar og áhugaverðar. Kennarar lesa vel í gegnum bækurnar og finna þær greinar Barnasáttmálans sem passa við bókina. Prenta út myndir af þeim greinum og líma fremst í bókina ásamt dálitlum texta um innihald bókarinnar og hvernig hægt er að byrja umræður tengdar þeim greinum sem límdar eru fremst og tengjast sögunni.

Þetta er auðveld leið til þess að koma barnaréttindafræðslu til barnanna sem og starfsfólks og ýta undir umræður um réttindi barna.



RÉTTINDAMÍÐUÐ OG MERKINGARBAER ÞÁTTTAKA BARNNA

AÐ SKILJA ÞÁTTTÖKU BARNNA SEM MANNRÉTTINDI.

Þátttaka barna, samkvæmt UNICEF, þýðir að „börn (einstaklingur og/eða hópur) mynda sér skoðanir og láta þær í ljós og hafa áhrif á mál sem varða þau beint og óbeint.“ Í viðmiðum UNICEF fyrir Réttindaskóla er sérstaklega vísað til „réttindatengdrar þátttöku barna“ til að draga athygli að mikilvægi þess að beita barnaréttindanálgun þegar stutt er við þátttöku barna.



Samkvæmt viðmiðunum byggir réttindatengd þátttaka barna upp getu barna sem réttihafa til að krefjast réttinda sinna og getu skólustarfsfólks sem ábyrgðaraðila til að uppfylla skyldur sínar, að teknu tilliti til níu viðmiða samkvæmt Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sem eru:

1. Gagnsætt og upplýsandi ferli
2. Frjálst þátttaka
3. Virðing fyrir skoðunum barna
4. Viðeigandi og um það sem skiptir börn máli
5. Barnvænt umhverfi
6. Jöfn tækifæri
7. Stuðningur og þjálfun
8. Öryggi
9. Eftirfylgni

Börn eiga rétt á að á þau sé hlustað í öllum málum sem þau varða, auk réttar til viðeigandi upplýsinga, hugsunar, tjáningar, félagsskapar og friðsamlegra samkoma. Börn geta nýtt sér þátttökurétt sinn á ýmsan hátt, sem einstaklingar eða í hópum, þ.m.t. í ákvörðunum sem teknar eru heima, í skólanum eða annars staðar í samfélaginu og á það við um öll börn sem geta myndað sér skoðun. Þessi skylda nær einnig til sveitarfélaga og krefst þess að skólar, samfélög, bæir og borgir hlúi að og styðji við örugga og skilvirka þátttöku barna. Það er ekki aðeins sjálfstæður réttur, heldur einnig meginregla samkvæmt Barnasáttmálanum. Það þýðir að réttur barna til þátttöku er ómissandi hluti af því að öll réttindi barna verði að veruleika. Einnig er þátttaka barna (12.gr.) nátengd öðrum réttindum, þar með talið réttinum til tjáningarfrelsis (13. gr.), skoðana- og trúfrelsis (14. gr.), félagafrelsis (15. gr.), persónuverndar (16. gr.) og aðgengis að upplýsingum (17. gr.). Ríkinu, sem helsta ábyrgðaraðila, ber skylda til þess að skapa umhverfi sem gerir börnum kleift að láta skoðanir sínar í ljós um starfshætti og stefnur sem varða börn beint eða óbeint. Þess vegna ber stjórnendum, kennurum og starfsfólki skóla og frístunda skylda til að hlusta á börn og taka skoðanir þeirra alvarlega.



AUKIN ÁBYRGÐ OG LÝÐRÆÐI.

Þátttaka fjölga tækifærum barna til að stuðla að aukinni ábyrgð og góðum stjórnarháttum. Þegar börn hafa aðgang að ákvörðunaraðilum geta þau sett fram kröfur og beitt rétti sínum og stuðlað þannig að aukinni ábyrgð. Þátttaka barna í skólaráðum (Réttindaráðum) og nefndum færir börnum aukinn skilning á lýðræðislegu ferli, ábyrgð og gagnsæi. Þau fá aukinn skilning á valdi og því hvernig ákvarðanatöku fer fram. Þar að auki er þátttaka barna á skóla-, samfélags- og sveitarfélagsstigi sérstaklega mikilvæg vegna þess að þegar vel tekst til gerir hún börnum úr ólíkum hópum kleift að ígrunda og hafa áhrif á ákvarðanir sem hafa áhrif á þau.

ÞÁTTTAKA ER FERLI – EKKI EINSKIPTISAÐGERÐ.

Það er ekki nóg að hlusta á börn. Þegar börn hafa tjáð skoðanir sínar verða þessar skoðanir að fá almennilega og alvarlega umfjöllun með endurgjöf um niðurstöður og ákvarðanir sem fylgja. Þar að auki verða börn að hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og stuðningi með miðli að eigin vali og aðgang að þeim sem geta haft áhrif á ákvarðanir sem hafa áhrif á þau.

SKILVIRK ÞÁTTTAKA KREFST ÞVÍ RÝMIS, RADDAR, ÁHEYRENDA OG ÁHRIFA.

Lundy-módelið um þátttöku hjálpar til við að gera hugmyndafræði 12. greinar Barnasáttmálans að veruleika.

Módelið leggur áherslu á fjóra aðskilda þætti sem þó eru tengdir innbyrðis. Þættirnir fjórir eru í tímaröð og fela í sér eftirfarandi skilyrði:

RÝMI

Það þarf að búa til öruggt rými fyrir öll börn til að tjá skoðanir sínar.

- Hefur sérstaklega verið leitað eftir skoðunum barna?
- Fengu börnin öruggt umhverfi þar sem þau gátu tjáð sína skoðun opinskátt?
- Voru viðeigandi skref tekin til að tryggja merkingarþæra þátttöku barna?

RÖDD

Útvega börnum viðeigandi upplýsingar til að auðvelda þeim að tjá skoðanir sínar.

- Hafa börnin fengið allar upplýsingar sem þau þurfa til að mynda sér skoðun?
- Vita börnin að þau hafi val um að taka þátt?
- Hafa börnin fengið ýmsa möguleika til að tjá skoðanir sínar á mismunandi máta?

12



VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNNA

ÁHRIF

Passa að skoðanir barna séu teknar alvarlega og að við þeim sé brugðist þegar það á við.

- Voru skoðanir barna teknar til greina af þeim sem hafa vald til að breyta?
- Er til verklag sem tryggir að skoðanir barna séu teknar alvarlega?
- Hafa börn og ungmenni fengið endurgjöf sem útskýrir ástæður ákvarðana sem teknar voru?

ÁHEYRN

Passa að réttur aðili taki þátt í samtali við börn sem sýnir ábyrgð og virka hlustun.

- Er ferli til staðar til að koma sýn barna á framfæri?
- Vita börnin hver það er sem hlustar á þeirra skoðanir?
- Hefur viðkomandi áheyrandi ákvörðunarvald?

MISMUNANDI STIG ÞÁTTTÖKU.

Börn geta tekið þátt á mismunandi þáttökustigi: ráðgefandi, í samvinnu eða leiðandi, allt eftir samhengi, viðfangsefni og þeim stuðningi og úrræðum sem í boði eru. Öll þáttökustigin geta verið viðeigandi fyrir mismunandi tilgang en það verður alltaf að hafa í huga réttthafa og ábyrgðaraðila, þörfina fyrir rými, rödd, áheyrndur og áhrif, og að fylgja níu viðmiðum um merkingarbæra þátttöku barna.

MISMUNANDI ÞÁTTTÖKUSTIGUM MÁ LÝSA MEÐ EFTIRFARANDI HÆTTI:

RÁÐGEFANDI ÞÁTTTAKA á sér stað þegar fullorðin leita eftir skoðunum barna til að auka þekkingu og skilning á lífi þeirra og reynslu, eða til að hanna þjónustu. Þá eiga fullorðin frumkvæðið og leiða áfram og stjórna verkefninu. Tekið er fullt tillit til þess að börn hafa dýrmætt sjónarhorn sem þau leggja af mörkum við þróun stefnu, þjónustu eða aðstöðu.

TIL DÆMIS:

- Tryggja að hlustað sé á skoðanir fatlaðra barna í tengslum við stoðþjónustu í skólaumhverfi, sem tengist 2. og 23. grein Barnasáttmálans.
- Gera netkönnun eða starfrækja rýnihópa með börnum til að meta hver njóta réttinda í skólaumhverfinu, t.d. öryggi á leikvöllinum eða næringargildi matarins í mótuneytinu, tengt 19. og 24. grein Barnasáttmálans.

SAMSTARFSÞÁTTTAKA felur í sér samstarf fullorðinna og barna. Samstarfsþátttaka er venjulega að frumkvæði fullorðinna en felur í sér að vinna með börnum sem samstarfsaðila og styrkja þau til að hafa áhrif á frumkvæði. Það leiðir til aukins sjálfstæðis í vinnubrögðum barna yfir ákveðinn tíma. Þátttaka í Réttindaskóla getur verið samvinnuverkefni þar sem börn og fullorðin takast á við sameiginleg áhyggjuefni.

TIL DÆMIS:

- Að börn taki þátt í að móta stefnu eða áætlun innan skólans til að draga úr sóun og hvetja til endurvinnslu, sem tengist 24. og 29. grein Barnasáttmálans.

LEIÐANDI ÞÁTTTAKA er þegar fullorðin veita börnum svigrúm og tækifæri til að eiga frumkvæði að verkefnum og krefjast réttar síns. Í stað þess að bregðast við hugmyndum eða verkefnum sem fullorðin leggja til, fá börnin stuðning til að taka eigin ákvarðanir eða fylgja eftir málefnum sem eru mikilvægust fyrir þau. Börnum er gert kleift að hittast og skipuleggja eigin verkefni og finna sjálf málefnið sem varða þau. Það felur í sér að fullorðin séu leiðbeinendur frekar en leiðtogar.

En jafnvel þegar börn leiða verkefnið sjálf, eru fullorðin ábyrg fyrir vernd barna og þurfa að vera tiltæk til að bregðast við hvers kyns málum sem kunna að koma upp. Sem dæmi ættu fullorðin að aðstoða börn við gagnavernd þegar börn safna eða meðhöndla gögn annarra barna.

TIL DÆMIS:

- Börn skipuleggja vitundarvakningu til að draga úr umferð á vegum og loftmengun í kringum skólann sinn, sem tengist 6., 24. og 29. grein Barnasáttmálans.




ÞÁTTTAKA & INNGILDING

Barnaréttindanálgunin verður að tryggja að öll börn, líka þau sem eru mest jaðarsett, geti nýtt rétt sinn til þátttöku. Allt of oft ýtir skipulag skóla og aðferðir við þátttöku undir núverandi myndur mismununar. Nemendaráð höfðu oft helst til barna sem eru orðheppin, sjálfsörugg og áhugasöm um að leggja sig fram; börn sem þegar eru vinsæl hjá bekkjarfélögum sínum eru líklegri til að vera kosin í nefndir af jafningjum sínum; yngri börn og ómálga börn eru oft útilokun þar sem þátttaka byggir á orðum; skortur á tíma og peningum kemur í veg fyrir að efni sé gefið út með aðgengilegum hætti fyrir börn með fötlun o.s.frv. Sérstaklega þarf að leitast við að tryggja að jaðarsett börn fái stuðning og hvatningu til að nýta þátttökurétt sinn, án þess samt að skilgreina þau sem „öðruvísi“, „sérstök“ eða „fulltrúa“ allra eða annarra barna sem deila sjálfsmynd þeirra eða aðstæðum.

AÐ EFLA ÞÁTTTÖKU JAÐARSETTRA BARNNA ÞÝÐIR AÐ:

- Skilja hver þessi börn eru í þínu samhengi, án þess að vekja athygli á þeim á fordómafullan hátt.
- Efla menntun án aðgreiningar með því að hafa í huga að öll börn hafi mögulega áhuga á öllum viðfangsefnum; til dæmis geta börn með fötlun eða með stöðu innflytjanda orðið svekkt ef aðeins er haft samráð við þau um málefni sem tengjast fötlun eða fólksflutningum.
- Eiga í samskiptum við fjölbreyttan hóp barna – ekki bara þau sem er „auðvelt“ að hafa samband við – og auka fjölbreytni í Réttindaráði eins og kostur er.
- Taka tillit til ólíkra tjáningarleiða barna og tryggja efnivið og tæki sem leyfa öllum börnum að tjá sig sem það vilja; bjóða upp á margar leiðir munnlegra, skriflegra og sjónrænna samskipta o.s.frv.
- Vera meðvituð um stafrænt jafnræði ef upplýsingum er dreift og/eða þátttakan fer fram á netinu.
- Tryggja að þátttaka feli ekki í sér kostnað fyrir börn sem búa við fátækt.
- Vera sveigjanleg í því að mæta margvíslegum þörfum.

Til að tryggja að jaðarsett börn geti tekið þátt er nauðsynlegt að koma auga á allar þær hindranir sem eru til þess fallnar að útiloka börn frá því að geta tekið þátt á jafnréttisgrundvelli. Hindranir geta tengst viðhorfum, umhverfi, fátækt, aðgengi að samgöngum, samskiptum, aldri og tungumáli. Þegar þið kannið tækifæri fyrir þátttöku barna, metið þá á hvaða stigi þátttakan er, hvort þetta sé heppilegasta stigið og hvort hægt sé að virkja börn enn frekar. Verkefni sem byrja á ráðgefandi þátttöku geta þróast yfir í samvinnuverkefni eða verkefni undir forystu barna til lengri tíma litið. Ennfremur gæti eitt verkefni falið í sér fjölbreytta þátttöku, börn geta verið leiðandi í sumum þáttum og ráðgefandi eða í samstarfi í öðrum þáttum. Skólar geta starfað á öllum þremur stigum, allt eftir samhengi, viðfangsefni og þeim stuðningi og úrræðum sem eru í boði og ekki síst óskum barnanna sjálfra. Að auki, fyrir börn sem eiga langa reynslu af mismunun og útilokun, er mikilvægt að treysta ekki á að augljós útilokun sé ekki til staðar. Nauðsynlegt er að ná sérstaklega til þeirra, taka vel mótí þeim og tryggja að þau séu með.




DÆMI UM ÞÁTTTÖKU BARNNA Í LEIKSKÓLANUM:

Hugmyndin hljóðaði upp á að viðkomandi vildi fá Cheerios í morgunmat á föstudögum en ekki hafragraut eins og er í boði á föstudögum. Hugmyndin var rædd á Réttindaráðsfundi og ákveðið að athuga hvort hægt væri að hafa bæði hafragraut og Cheerios í boði á föstudögum. Börnin báru hugmyndina undir leikskólastjóra og matráð og hugmyndin var samþykkt. Á föstudögum er hvort tveggja í boði og börnin alsæl.


Hver deild leikskólans velur einu sinni á önn hádegismat, börnunum finnst þetta skemmtilegt, deildirnar eru með kosningu og meirihlutinn ræður. Yngstu börnin velja eftir myndum en eldri börnin segja hvað þau vilja fá í hádegismat þegar þeirra deild er að velja.

Innleiða val í útiveru og skoða áherslur í henni vegna þess að áhugi barnanna hafði minnkað á útiveru almennt. Áherslan er á að börnin ákveði hvort þau vilji fara út og í hvaða klæðnaði. Árangur er metinn með því að taka viðtöl við börnin í byrjun og spyrja þau hvað þeim finnst gaman/leiðinlegt við að vera úti og svo eftir einn mánuð er það endurtekið til að sjá hvort áhugi barna hafi aukist. Notaðar eru kosningar til að fylgjast með hvort það er mynstur í vali barnanna og hvort það eru sömu börn sem kjósa að vera inni og þá af hverju.







Í leikskólanum okkar er hugmyndakassi sem virkar mjög vel og við hjálpum börnunum að koma hugmyndum sínum í kassann. Réttindaráðið fer svo í gegnum hugmyndirnar og þær sem er hægt að framkvæma hengjum við svo á hugmyndatréd. Á hugmyndatréd bætast svo jafnt og þétt hugmyndir barnanna sem hafa verið framkvæmdar og þannig sjá þau hugmyndirnar sínar og áhrif þeirra á leikskólastarfið. Þegar það eru komnar hugmyndir um marga mismunandi þemadaga þá söfnum við því saman og kjósum dag. T.d. ef það eru komnar hugmyndir um að hafa risaeðludag, bíladag, náttfatadag, kósídag eða partydag er kosið á milli og meirihlutinn ræður.



Deildarsáttmáli. Einn morguninn gerðum við deildarsáttmála í samverustund. Við völdum úr myndum af krökkum í alls konar samskiptum, skoðuðum þær vel og ræddum málin. Þegar við vorum búin að ræða hvað væri að gerast á myndunum merktum við þær með rauðu (fyrir stopp) og grænu fyrir gott eftir því sem okkur fannst eiga við. Börnin tóku virkan þátt og það sköpuðust skemmtilegar umræður. Við erum öll ánægð með deildarsáttmálann okkar og ætlum að gera okkar besta að fara eftir honum.



Réttindalöggan. Þessi hugmynd kom úr hugmyndakassa og var útfærð með krökkunum. Þau vildu skiptast á að fylgjast með ýmsum þáttum í leikskólanum og vera réttindalöggur til skiptis. Kennarar eru lögreglustjórar og þau koma og láta vita ef það er eitthvað sem má betur fara. Þau passa upp á umhverfið og samskiptin á leikskólanum og við vitum um dæmi þar sem þetta hefur ratað heim.



Í viðtali við foreldri kom fram að þátttaka barnanna og áhrif þeirra á leikskólann hafi haft áhrif á samskipti heima fyrir. „Það var verið að fara yfir plan helgarinnar sem var frekar þétt dagskrá skipulögð af okkur foreldrunum. Heimsóknir og sundferð og ýmislegt. Þá vorum við bara stoppuð af og spurð hvort hún ætti ekki að hafa eitthvað um þetta að segja og hvort við ættum ekki að gera planið saman. Það var endurskoðað og allir höfðu áhrif á það sem gert var þá helgina og allir sáttilir.“

MYNDRÆNT SKIPULAG & SÝNILEIKI BARNASÁTTMÁLANS



HUGMYND AÐ FRAMKVÆMD:

Leita að myndum á Google. Setja inn leitarorð og clipart fyrir aftan ef myndin á að vera skýr og teiknuð.

Það er gjarnan hentugra að nota teiknaðar myndir því þær eru oft skýrari en ljósmyndir. Myndrænt skipulag getur t.d. verið fyrir hvernig veðrið er og tillögur um útiföt í samræmi við það, myndrænt skipulag á valtoflu, myndrænt fyrir hvernig á að ganga frá í fatahengi og margt fleira.

SVONA GÖNGUM VIÐ FRÁ Í FATAHENGINU

Myndrænt eða sjónrænt skipulag er eitt af því sem er mikilvægt að hafa á leikskólanum.

Myndrænt skipulag býður upp á áþreifanlegar upplýsingar um athöfn, hvers má vænta og veitir útskýringu á því sem barnið á að læra. Sjónrænn stuðningur er gagnreynd aðferð til að styðja börn á einhverfurófinu við að ná margvíslegri færni. Einnig hjálpar sjónrænt skipulag börnum með annað móðurmál en íslensku og þeim sem eru ekki farin að lesa. Með því að hafa sjónrænar upplýsingar stöðugt sýnilegar er hægt að auka sjálfstæði barns með því að hafa aðgang að upplýsingum á þeirra forsendum. Það hjálpar þeim betur en að fá munnlegar upplýsingar einar og sér eða áminningu leiðbeinenda. Það er hægt að gera myndrænt skipulag fyrir nánast hvað sem er og er auðvelt í framkvæmd, en það hjálpar til svo allir skilji, óháð þroska eða uppruna. Það er einmitt þess vegna sem myndrænt skipulag tengist 2. grein Barnasáttmálans, að öll börn séu jöfn og að aldrei skuli koma fram við barn af óréttlæti.


Til að myndrænt skipulag skili sem mestum árangri er gott að hafa texta við athöfn eða mynd til að þjálfra börnin enn frekar.




HENGJA ÚLPUR OG ÚTIFÖT Á SNAGA



RAÐA SKÓM OG STÍGVÉLUM Á SKÓHILLUNA



SETJA TÖSKUR Á TÖSKU- HILLUNA




Samskipti milli barna og starfsfólks eru mikilvæg leið til að vinna með Barnasáttmálann í daglegu starfi og búa til umhverfi sem styður við réttindi barna. Ef starfsfólk er duglegt að nota Barnasáttmálann og réttindi barna sem hluta af orðræðu sinni er það líklegra til að smitast yfir í talsmáta og skilning barna. Til dæmis með því að segja: „ég á mín réttindi og þú átt þín og á milli er virðing,“ þá erum við að kenna börnunum að bera virðingu fyrir réttindum annarra.

Orðræða eins og: „við eigum rétt á því að vera örugg og líða vel og því er mikilvægt að brjóta ekki þau réttindi með því að beita ofbeldi, sama hvers eðlis slíkt ofbeldi er, munnlegt eða líkamlegt. Við eigum rétt á því að hafa aðgang að hreinu vatni, hollum mat og hreinu umhverfi.“ Þess vegna skiptir máli að börn komist alltaf í hreint vatn og að leikskólinn bjóði upp á holla hressingu. Það þýðir þó ekki að það sé ekki hægt að fá sér köku á tyllidögum.

Hreint umhverfi merkir líka að börnin taki einnig þátt í því að halda umhverfinu hreinu, hvort sem það er á útisvæði eða með því að ganga frá inni. Það er hægt að nýta þetta sem leið til að leysa ágreining, til að útskýra af hverju við bjóðum upp á eitt en ekki annað og margt fleira. Það er einnig hægt að fá börnin með sér í lið með því að þau passi upp á réttindi hvert annars. Það er hægt að nota hugtakið „réttindavörður“ til að gera hlutverkið mikilvægara, að standa vörð um réttindi okkar allra eins og dæmið um Réttindalögguna hér að framan sýnir okkur.

Önnur leið til að benda á réttindi og greinar Barnasáttmálans í daglegu starfi er að tengja greinarnar við ákveðna hluti sem eru þegar til staðar. Sem dæmi má nefna að það er hægt að setja 39. grein um bata og aðlögun á sjúkrakassa leikskólans. Það er hægt að tengja flestar greinarnar við alls konar hluti og um að gera að nýta hugmyndaflugið við það.





2. grein
Öll börn jöfn
– myndrænt skipulag og val



12. grein
Virðing fyrir skoðunum barna
– á hugmyndakassa,
á úrslit kosninga og fleira



14. grein
Skoðana- og trúfrelsi
– á hugmyndakassa eða ef það eru
einhverjar kynningar um ólík trúarbrögð,
þá er hægt að tengja við það



19. grein
Vernd gegn ofbeldi
– reglur, skrifstofa
starfsfólks/stjórnenda



24. grein
Heilsuvernd, vatn, matur og umhverfi
– við matseðil eða vatnsbrunn, vaska



30. grein
Menning, tungumál,
trúarbrögð minnihlutahópa
– ef það er stafróf eða eitthvað á öðrum
tungumálum til að kynna fyrir börnunum



39. grein
Bati og aðlögun
– á sjúkrakassa
eða þar sem plástur
og kælipokar geymast



8. grein
Persónuleg einkenni
– myndir á valtöflu



13. grein
Frelsi til að deila
hugmyndum sínum
– á hugmyndakassa



17. grein
Aðgengi að upplýsingum
– á upplýsingatöflu



23. grein
Fötluð börn
– á salerni fyrir fatlaða eða annað
sem er sérstaklega fyrir fötluð börn
á leikskólanum




27. grein
Næring, fót og öruggt heimili
– við matseðil, eða myndrænt
um hvernig á að vera klæddur
utandyra og þess háttar



31. grein
Hvíld, leikur, menning og listir
– þetta er sú grein Barnasáttmálans
sem tengist leikskólastarfi mikið, hægt
að hafa á ýmsum stöðum.




42. grein
Allir verða að þekkja réttindi barna
– við Barnasáttmálann í stærri mynd. Með því að hafa litlar myndir út um
allt eykst forvitni og umræða meðal barna og starfsfólks. Það er hægt að
nalgast Barnasáttmálatákninn inni á innra svæði umsjónarmanna, einnig er
hægt að klippa niður Barnasáttmálaplakat eða -bækling.



**TENGDU GREINARNAR BEINT VIÐ
VERKEFNIN YKKAR OG STARFIÐ Í
LEIKSKÓLANUM**

Í leikskóla á Akureyri rýndi starfsfólk í starfið í leikskólanum og tengdi við réttindi barna og greinarnar í Barnasáttmálanum. Skjal fyrir hvern og einn stað var svo hengt upp svo allt starfsfólk væri meðvitað en einnig foreldrar. Svona verkefni hjálpa til við að tengja Barnasáttmálann við daglegt starf í leikskólanum, tryggir sameiginlegan skilning og ýtir undir umræður hjá starfsfólki sem og foreldrum.

Það sem leikskólinn tók fyrir eru samskipti, fataklefinn, útiveran, hvíldin, samvera og leikur. UNICEF hvetur hvern og einn leikskóla til þess að vinna þetta saman en hér er dæmi um hvernig þessi leikskóli tengdi saman réttindi barna og samverustundir.



unicef
fyrir öll börn

RÉTTINDA
SKÓLI

Lón

Réttindi í daglegu starfi Samverustund

- Í samverustund gefst barninu möguleiki á að læra nýja hluti út frá eigin áhugahvöt sem og námssviðum aðalnámskrár leikskóla
- Börnin eru virkir þátttakendur í samverustund og hafa áhrif á hvert viðfangsefni
- Við fræðum börnin um réttindi, fjölbreytileika og Barnasáttmálann með markvissum hætti
- Við tryggjum að allir fái að tjá sig þegar því er við komið en gætum þess að einn tali í einu
- Við gefum öðrum næði með því að hvert barn eigi sitt svæði og hafi hendur og fætur hjá sér
- Við sýnum hvert öðru virðingu og tillitssemi og hlustum á þann sem hefur orðið
- Við hvetjum börnin til að koma fram, tjá sig og setja sig í spor annarra



AÐ BYGGJA UPP GRUNNINN

1. GREIN:

Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri.

4. GREIN:

Stjórnvöld þurfa að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að sjá til þess að hvert og eitt barn njóti allra réttinda Barnasáttmálans.

17. GREIN:

Börn eiga rétt á því að sækja upplýsingar af Internetinu, úr sjónvarpi, tímaritum, bókum og öðrum miðlum. Fullorðin eiga að gæta þess að upplýsingarnar séu börnum ekki skaðlegar. Stjórnvöld eiga að hvetja útgefendur og fjölmiðla til þess að deila upplýsingum með fjölbreyttum leiðum sem öll börn skilja.


29. GREIN:

Menntun á að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika. Menntun á að hjálpa þeim að lifa friðsamlega og að vernda náttúruna.

42. GREIN:

Stjórnvöld skulu fræða börn og fullorðin um Barnasáttmálann reglulega svo allir þekki réttindi barna.

Í ÞESSU SKREFI
VINNUM VIÐ MEÐ
EFTIRFARANDI
GREINAR
BARNASÁTTMÁLANS:



FYRSTU SKREFIN

UNICEF, sveitarfélag og skóli gera með sér samkomulag/samning um innleiðingu Réttindaskóla í leikskólann. Fyrsti innleiðingarhringur tekur tvö ár, þó ekki meira en þrjú ár. Ef skóli þarf lengri tíma en þrjú ár í fyrsta innleiðingarhring skal endurmeta samninginn.

Hver deild innan leikskólans tilnefnir umsjónarmann í innleiðingarteymi skólans. Leikskólastjóri leiðir þessa vinnu.

Tryggja þarf að verkefnastjóri Réttindaskóla hjá UNICEF sé með netföng allra umsjónarmanna.

Umsjónarmenn og stjórnendur fá aðgang að innra svæði þar sem allar upplýsingar, gögn og fræðsla eru geymd.

KYNNING Á VERKEFNINU

Eftir að samstarfssamningur hefur verið undirritaður og ákvörðun tekin um að innleiða Barnasáttmálann í leikskólann, er komið að því að kynna og fræða foreldra/forsjáraðila og starfsfólk um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hvernig ætlunin er að innleiða hann með markvissum hætti.

Stjórnendur og umsjónarmenn bera ábyrgð á því að koma reglulegum upplýsingum um innleiðinguna á framfæri við samstarfsfólk, foreldra/forsjáraðila, börnin og aðra tengda aðila.

Einnig mælir UNICEF með reglulegri upplýsingagjöf og fræðslu til foreldra t.d. í föstudagspóstum.

TEYMIÐ – UMSJÓNARMENN

Stjórnendur velja umsjónarmenn úr hópi starfsfólks. Gott er að vera með einn tengilið á hverri deild sem leiðir innleiðingu Barnasáttmálans á sinni deild. Mikilvægt er að umsjónarmenn hafi nægan tíma til að sinna verkefninu. Umsjónarmenn eru í sambandi við UNICEF, sjá um fræðslu fyrir starfsfólk, tryggja að innleiðingin sé á tímaáætlun, eru með yfirumsjón með gerð aðgerðaáætlunar sem og vinnu með Réttindaráði (elsta deild).

Umsjónarmenn fara yfir skipulag hverrar annar með stjórnendum og tryggja að gert sé ráð fyrir þeim aðgerðum sem verkefnið krefst og að aðgerðaáætlun Réttindaráðs sé framkvæmd.

Skólastjóri, ásamt teyminu, skoðar leiðir til þess að setja Barnasáttmálann inn í kennsluáætlanir, skólanámskrá og starfsmannahandbók.

FRÆÐSLA

Umsjónarmenn og stjórnendur kynna sér vel barnaréttindafræðslu breytingarkenningu UNICEF á bls. 35, en þar kemur skýrt fram hver grunnatriði í barnaréttindafræðslu eru. Tryggja þarf þennan grunnskilning hjá öllu starfsfólki.

UNICEF heldur vinnustofur fyrir umsjónarmannateymi og stjórnendur á haustin og þar er farið vel yfir það fræðsluefni sem þau geta nýtt til fræðslu fyrir allt starfsfólk.



SKREF FYRIR SKREF



SAMNINGUR.

Starfsfólk og foreldrar upplýst um innleiðinguna. Umsjónarmannateymi stofnað.



STÖÐUMAT MEÐ STARFSFÓLKI.

einstaklingskönnun um þekkingu á réttindum barna.

Stöðumat unnið á hverri deild með öllu starfsfólki.



AÐGERÐAÁÆTLUN.







Grunnaðgerðir settar á áætlun ásamt fleiri aðgerðum sem komu úr stöðumati.



AÐGERÐIR FRAMKVÆMDAR.

Vinnan með verkefnaheftið á öllum deildum. Réttindaráð stofnað, áframhaldandi fræðsla fyrir starfsfólkið.



	<p>EINSTAKLINGSKÖNNUN STARFSFÓLKS. Stöðumat með börnum. Elstu börnin. Öryggiskönnun með börnum. Allar deildir</p>	
	<p>ALLAR AÐGERÐIR FRAMKVÆMDAR. Úttektarviðtöl. Lokaskýrslur.</p>	
	<p>VIÐURKENNING. Þegar öllu er skilað, kannanir koma vel út og aðgerðir eru framkvæmdar, er veitt viðurkenning sem gildir í þrjú ár.</p>	
	<p>FRÆÐSLA. Vinnustofur UNICEF, starfsdagar nýttir til rýni og fræðslu, réttindafræðsla fyrir börn og fullorðin fest í sessi.</p>	

STÖÐUMAT

2. GREIN:

Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúa, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.


3. GREIN:

Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að foreldrar verndi börn sín og gæti þeirra, eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur.

12. GREIN:

Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálstlega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.

Í ÞESSU SKREFI
VINNUM VIÐ MEÐ
EFTIRFARANDI
GREINAR
BARNASÁTTMÁLANS:



HVAÐ ER STÖÐUMAT?

Markmið stöðumatsins er að safna upplýsingum um aðstæður við upphaf verkefnisins og er stöðumatið svo endurtekið áður en að viðurkenningu kemur. Þetta er gert til að mæla raunverulegan árangur verkefnisins í þágu barna.

STÖÐUMATIÐ SAMANSTENDUR AF:

EINSTAKLINGSKÖNNUN.

Allt starfsfólk

DEILDARSTÖÐUMATI.

Allar deildir

YFIRFERÐ Á GÁTLISTA.

Stjórnendur og deildarstjórar

STÖÐUMATSKÖNNUN

Með elstu börnunum

ÖRYGGISKÖNNUN

Á öllum deildum

Upplýsingarnar úr stöðumatinu eru grundvöllur fyrir umbætur sem settar eru í aðgerðaáætlun (sjá aðgerðaáætlun bls. 78). Stöðumatinu er stýrt af umsjónarmönnum, deildarstjórum og stjórnendum.

Mikilvægt er að börnin skilji tilgang stöðumatsins og ber þeim sem leggja kannanir fyrir börnin að tryggja að þau skilji hvað stöðumatið gengur út á. Stöðumatið leggur grunn að allri umbótavinnu og því mikill kostur að reynsla sem flestra barna og starfsfólks komi fram.

STÖÐUMAT MEÐ STARFSFÓLKI:

Stöðukönnun er rafræn þekkingarkönnun sem er lögð fyrir allt starfsfólk og tekur um fimm mínútur að svara henni. Þetta er einstaklingskönnun sem tekin er tvisvar sinnum í fyrsta innleiðingarhring (í upphafi og við lok) og svo einu sinni á hverju vori til þess að fylgjast með þekkingu hjá starfsfólki. Verkefnastjóri Réttindaskóla hjá UNICEF sendir hlekk á þessa könnun.

DEILDARSTÖÐUMAT

Deildarstöðumat er unnið á hverri deild fyrir sig í upphafi innleiðingar og sameiginleg svör eru send inn til UNICEF. Leikskóli vinnur svo með gögnin í framhaldinu og nýtir niðurstöður í aðgerðaáætlun.

GÁTLISTI

Á næstu blaðsíðum má finna gátlista sem byggir á lista sem er í bók Lee Jerome og Hugh Starkey, Children's Rights in Diverse Classrooms, og nýtist hann vel fyrir leikskólastjóra og deildarstjóra til þess að rýna í starfið í upphafi innleiðingar. Einnig er tilvalið að nýta gátlistann þegar stöðumat er unnið á deildum til þess að fá álit starfsfólks inn í þessa mikilvægu vinnu, til þess að finna þætti sem mega betur fara í leikskólanum.

Gott er að rýna inn á við og spyrja hvað af þessu er í góðum málum og hvernig tryggjum við það; hvað mætti laga og hvernig, og hvað hefur setið alveg á hakanum og þarfnast aðgerða.

Ef niðurstöður úr gátlista benda til þess að einhverjir þættir mættu vera betri í leikskólanum ykkar er hægt að búa til aðgerð og setja inn í aðgerðaáætlun.



**GÁTLISTANN ER EINNIG
HÆGT AÐ FINNA OG
PRENTA ÚT Á INNRA
SVÆÐI UMSJÓNARMANNA
OG STJÓRNENDA.**

ER UMHVERFIÐ Í LEIKSKÓLANUM RÉTTINDAMIÐAÐ?

Þessi gátlisti gerir þér sem stjórnanda og ykkur sem starfsfólki leikskólans kleift að sjá fljótt og örugglega hvort umhverfið í leikskólanum sé réttindamiðað eða hvort umbóta sé þörf. Listinn er settur upp eftir þremur þemum Barnasáttmálans:

68



og hvert dæmi tengt við greinar hans sem og markmið Réttindaskóla UNICEF. Niðurstöður úr þessum lista geta ratað inn sem aðgerðir í aðgerðaáætlun leikskólans. UNICEF hvetur til þess að skoða hvernig unnið er með Barnasáttmálann á öllum deildum leikskólans.

MARKMIÐ RÉTTINDASKÓLA UNICEF:

Fyrsta markmiðið er að **AUKA ÞEKKINGU Á RÉTTINDUM BARNNA.**

Börn og fullorðin eiga að þekkja Barnasáttmálann og geta tengt hann við skólastarfið. Barnasáttmálinn á að vera hluti af námskrám, kennsluáætlunum og þjálfun starfsfólks.

Annað markmiðið er **AUKIN ÞÁTTTAKA BARNNA.**

Starfsfólk þarf að vinna markvisst að því að auka og efla tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni sem þau varða. Starfsfólk tekur tillit til skoðana barna og gefur þeim upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru.

Þriðja markmiðið er **BETRI GREINING Á STÖÐU BARNNA.**

Stöðumat er framkvæmt með öllu starfsfólki. Ein einstaklingskönnun og ein deildarkönnun þar sem þekking, viðhorf og leikskólastarfið er kortlagt. Stöðumat er einnig lagt fyrir elstu börnin á leikskólanum til þess að meta þekkingu þeirra á réttindum sínum.

Fjórða markmiðið eru **AÐGERÐIR SEM BÆTA AÐSTÆÐUR BARNNA.**
















Skólar sem innleiða Réttindaskóla UNICEF vinna aðgerðaáætlun úr niðurstöðum stöðumats og tryggja að aðgerðir í þágu réttinda barna séu settar í forgang. Réttindaskólar UNICEF styðja opinberlega við réttindi barna.








Fimmta markmiðið er **SAMSTARF ÚT FRÁ ÞÖRFUM BARNANS.**

Skólar og aðrar stofnanir í nærumhverfi barnsins þurfa að eiga í samstarfi til að tryggja réttindi barna og vinna að sameiginlegri sýn á réttindi barna. Markmiðið með auknu samstarfi er einnig að vernda réttindi þeirra barna sem þurfa sértækan stuðning með viðeigandi aðlögun.

**INNLEIÐING RÉTTINDASKÓLA
UNICEF ER ÞVÍ
BÆÐI HUGMYNDAFRÆÐI OG
HAGNÝTT INNLEIÐINGARFERLI
SEM MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ
AUKA VIRÐINGU, VERND OG
FRAMKVÆMD MANNRÉTTINDA.**

















Pema Barnasáttmálans:
UMÖNNUN

	Já	Þarf að skoða	Nei	Ef já, hvernig er það tryggt? Ef nei, hvernig væri hægt að bæta úr því – mögulegar aðgerðir.	Tenging við markmið Réttindaskóla UNICEF	Greinar Barnasáttmálans
Fá öll börn og allt starfsfólk í leikskólanum reglulega, markvissa og samfellda barnaréttindafræðslu?					1. Aukin þekking á réttindum barna.	
Er barnaréttindafræðsla hluti af starfsþróunaráætlun leikskólans?					1. Aukin þekking á réttindum barna.	
Er barnaréttindafræðsla hluti af þjálfun nýs starfsfólks?					1. Aukin þekking á réttindum barna.	
Er borin virðing fyrir öllum börnum?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Er fjölbreytt nám í boði, þar sem börn geta tjáð sig í gegnum listir, tónlist, leiklist og/eða á annan skapandi hátt?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Sem kennari/leiðbeinandi forðast þú að ýta undir staðalmyndir?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Fá ákveðin börn oftast einhver verkefni en önnur börn?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Er þess gætt að öll börn fái tækifæri til að vinna fjölbreytt verkefni?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Er hugað að því að öll börn geti blómstrað í leikskólanum óháð uppruna, kyni, líkamlegu atgervi o.s.frv.?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Tekur mat á heilbrigði og vellíðan barna mið af menningarmun barna?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Er aðgengi fyrir fötluð börn gott á útsvæði sem og inni í leikskólanum?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Er þess gætt að bera nöfn barna í leikskólanum rétt fram?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Eru fornöfn barna notuð á þann hátt sem þau vilja m.t.t. aldurs þeirra og þroska?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Eru öryggismál rædd í leikskólanum? Hvað finnst börnunum stuðla að öryggi í umhverfi leikskólans?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Hafið þið rætt virðingu? Ábyrgð orða? Fordóma og staðalímyndir og tengt við Barnasáttmálann?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Hefur samstarfi verið komið á milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis?					5. Samstarf.	
Hefur teymi verið myndað sem mun leiða innleiðingu Barnasáttmálans með fulltrúum frá öllum deildum og hefur það teymi umboð og tíma til að sinna starfi sínu?					5. Samstarf.	
Stuðla verkefni, starfshættir og samskipti innan leikskólans að jákvæðu viðhorfi og virðingu gagnvart börnum?					1. Aukin þekking á réttindum barna	

Pema Barnasáttmálans: PÁTTTAKA	Já	þarf að skoða	Nei	Ef já, hvernig er það tryggt? Ef nei, hvernig væri hægt að bæta úr því – mögulegar aðgerðir.	Tenging við markmið Réttindaskóla UNICEF	Greinar Barnasáttmálans
Er allt starfsfólk sammála um að börnin séu borgarar með réttindi og eigi rétt á virðingu frá fullorðnum?					1. Aukin þekking á réttindum barna. 2. Aukin þátttaka barna.	
Eru til formlegar og óformlegar leiðir fyrir börnin til þess að koma kvörtunum eða skoðunum sínum á framfæri, hvað má betur fara varðandi leikskólasamfélagið?					2. Aukin þátttaka barna.	
Börn hafa frelsi til að deila skoðunum sínum á trúarbrögðum, stjórnmálum og öðru óháð skoðunum kennara.					2. Aukin þátttaka barna.	
Það er virkt Réttindaráð í leikskólanum.					2. Aukin þátttaka barna.	
Börn hafa tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós, meðal annars í viðtölum við stjórnendur leikskólans.					2. Aukin þátttaka barna.	
Eru samskiptareglur á deildum sem börnin þjuggu til saman og eru gerðar tengingar við réttindi barna og Barnasáttmálann?					2. Aukin þátttaka barna. 3. Betri greining á stöðu barna.	
Er þess gætt að andrúmsloft í hópnum sé þess eðlis að öll börnin geti látið rödd sína heyrast?					2. Aukin þátttaka barna. 3. Betri greining á stöðu barna.	

Þema Barnasáttmálans:

VERND

	Já	Þarf að skoða	Nei	Ef já, hvernig er það tryggt? Ef nei, hvernig væri hægt að bæta úr því – mögulegar aðgerðir.	Tenging við markmið Réttindaskóla UNICEF	Greinar Barnasáttmálans
Eru myndir, plaköt eða teikningar sem ýta undir mismunun eða fordóma á veggjum?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Börn og fullorðin hvetja hvert annað áfram í að sýna hvert öðru virðingu.					4. Aðgerðir sem bæta aðstæður barna.	
Er í gildi samskiptasáttmáli, þar sem fram kemur til hvers er ætlast í samskiptum innan leikskólans?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Allar persónulegar upplýsingar um barn sem leikskólinn hefur í fórum sínum eru aðgengilegar barninu sem og forsjáraðilum barnsins.					1. Aukin þekking á réttindum barna.	
Ef barn brýtur á réttindum annarra (barna eða fullorðinna) er skaðinn metinn og brugðist við því með réttindi allra að leiðarljósi.					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Ef fullorðinn brýtur á rétti barns er sá hinn sami ábyrgur.					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Samrýmist agastefna/samskiptasáttmáli leikskólans réttindum barna?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Er fylgst með því hvort ráðgjöf, t.d. hegðunarráðgjöf, sé í samræmi við Barnasáttmálann og réttindi barna?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Geta börn komið ábendingum og kvörtunum um brot á réttindum sínum á framfæri með einföldum hætti, án samþykkis foreldra?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Eru til verklagsreglur í samræmi við persónuverndarlög um vistun og miðlun persónuupplýsinga?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Allt starfsfólk er meðvitað og þekkir ferli um tilkynningar til Barnaverndar.					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	
Allt starfsfólk er meðvitað og þekkir áætlun leikskólans gegn einelti.					1. Aukin þekking á réttindum barna.	
Allt starfsfólk veit hvernig það á að bregðast við ef barni líður illa.					1. Aukin þekking á réttindum barna.	
Allt starfsfólk er meðvitað um og þekkir jafnréttisáætlun leikskólans.					1. Aukin þekking á réttindum barna.	
Eru forvarnaráætlarnir (áætlun gegn einelti, jafnréttisáætlun) tengdar við réttindi barna?					4. Aðgerðir sem bæta aðstæður barna.	
Þegar ákvarðanir eru teknar um það sem er barninu fyrir bestu, eru skoðanir barns teknar með inn í þá ákvörðun?					3. Betri greining á stöðu réttinda barna.	

STÖÐUMAT MEÐ BÖRNUM

72

Í fyrsta innleiðingarhring er stöðumat með börnum unnið á seinna innleiðingarárinu og svo einu sinni á ári eftir það. Réttindaráð leikskólans tekur þátt í stöðumati. Misjafnt er hvort eingöngu elstu börnin eru í Réttindaráði eða hvort þau næstelstu eru þar líka, en við mælum með að eingöngu þau elstu, sem eru að klára leikskólann, taki stöðumatið en það er að sjálfsgöðu í ykkar höndum að útfæra það.

Samverustund eða umræðuhópur nokkurra barna er talin vera heppileg leið til að ræða ákveðin atriði við börn. Það sem þarf að hafa í huga varðandi umræðuna er að velja staðsetningu vel, vera sveigjanleg á meðan á þeim stendur, vera næm á þarfir barnanna og að taka góðan tíma í verkið. Gott er að fara yfir þáttökumódel Lundy og tryggja að allir þættir sem hún talar um séu í lagi þegar stöðumat fer fram: rými, áheyrn, rödd og áhrif.

Mikilvægt er að börnin hafi eitthvað fyrir stafni á meðan umræðan fer fram og eru t.d. teikningar vel til þess fallnar að skyggjast inn í hugarheim barna. Teikningar geta verið góð leið fyrir börnin til að tjá sig um viðkomandi viðfangsefni og skerpa athygli þeirra. Þær gera einnig hugmyndir barna sýnilegri. Spurningarnar eru tengdar við þemu verkefnanna í verkefnaheftinu Barnasáttmálinn í leikskólanum og er því gott að börnin hafi unnið einhver verkefni áður en stöðumatið er tekið. Þegar árin líða og börn sem hafa unnið með verkefni tengd réttindum barna taka stöðumatið, ættu þau ekki að eiga í vandræðum með að ræða um réttindi sín.

Markmið stöðumatsins er að skoða hversu vel börnin þekkja réttindi sín og fá að heyra hvort þau myndu vilja breyta einhverju í leikskólanum sínum varðandi þessa hluti sem ræddir eru í stöðumatinu.

Niðurstöðurnar úr stöðumati barnanna eru notaðar til þess að búa til aðgerðaáætlun barnanna. Þá aðgerðaáætlun skal klára að framkvæma á einum vetri (áður en þessi börn hætta í skólanum) svo börnin í Réttindaráði upplifi áhrif sín á leikskólann.

Mikilvægt er að nota þennan spurningalista sem þróaður hefur verið af UNICEF á Íslandi, Menntavísindasviði Háskóla Íslands og stjórnendum leikskóla í Kópavogi og Reykjavík. Ef upplifun kennara er sú að börnin skilji ekki spurningarnar er um að gera að umorða þær og ræða kannski málin í víðara samhengi.

Við biðjum ykkur um að skrifa útskýringu í sniðmát aðgerðaáætlunar um fyrirlögn stöðumats ef einhverju var sleppt eða ef breytingar voru gerðar á fyrirlögninni eða spurningalistanum.

Þegar niðurstöður liggja fyrir úr stöðumati eru þemu sem koma fram borin undir Réttindaráðið, málin rædd og reynt að finna lausnir og búa til aðgerðir.



DÆMI FRÁ LEIKSKÓLUM:

Börnin svöruðu að þau ráði í leikskólanum með kennurunum en nánast öll börnin svöruðu því að kennararnir ráði í matartímanum og foreldrarnir ráði matartímanum heima. Í leikskólanum upplifa börnin sig flest örugg, í útiveru, á salerninu, í hópastarfi, í matartímunum og með öllum kennurunum. Leikur barnanna í útiveru var það svæði sem öll börnin upplifa sig ekki örugg en við nánari umræður kom í ljós að leikurinn „lögga og bófi“ var ástæðan.

Réttindaráðsfundir eru haldnir reglulega og þar ræddu þau um hverju þau vildu breyta. Fókusinn fór fljótt á það hvernig haldið er upp á afmæli barna á deildinni. Þeim fannst það ekki nógu spennandi. Börnin komu með ýmsar hugmyndir sem síðan voru ræddar fram og til baka. Að lokum var kosið milli hugmynda og skyldi einfaldur meirihluti ráða. Tækifærið var notað til að útskýra lýðræði og hvernig meirihluti er notaður til að nálgast niðurstöður. Við það sköpuðust góðar umræður. Niðurstaða atkvæðagreiðslu barnanna var að gera afmælin eftir þeirra höfði. Tónlist, ávaxtaboðið og síðan mætti afmælisbarnið velja leiki til að fara í. Eftir þessa ákvörðun hafa afmæli verið þannig á deildinni.

DÆMI UM UMRÆÐUR OG AÐGERÐ SEM VAR FRAMKVÆMD EFTIR UMRÆÐUR Á RÉTTINDARÁÐSFUNDI EFTIR STÖÐUMAT:

Annað verkefni varð til í framhaldi umræðna á Réttindaráðsfundi. Sérkennsluteymi skólans hefur verið með hreyfipjálfun í sal einu sinni í viku fyrir börn sem njóta viðbótarþjónustu og þau sem metið er að hafi sérstakt gagn af aukinni hreyfipjálfun. Fram kom á fundi að börnunum fannst eftirsóknarvert að fara í hreyfisalinn og voru ósátt með að það væru ekki allir sem fengju að fara. Börnin komu þessu til skila til sérkennslustjóra sem tók erindinu vel og skipulagði hreyfistund næstu viku með börnunum, þá fengju þau að vera með. Börnin voru mjög sátt við þetta og þegar kom að þeirra stund í vikunni á eftir var mikil gleði og spenningur.



**STÖÐUMAT MED BÖRNUM
- SPURNINGAR &
UMRÆÐUR**

**ÖLL BÖRN EIGA RÉTTINDI
OG HAFA ÞARFIR.**

Færðu að ráða því hvar þú leikur þér í leikskólanum þínum?

- En með hverjum leikur þú þér?
- Langar þig einhvern tímann að ráða meiru?

ÖLL BÖRN ERU JÖFN.

Eru börnin góð við hvert annað í leikskólanum þínum?

**ÞESSAR SPURNINGAR ER HÆGT
AÐ FINNA SEM PDF-SKJAL Á
INNRA SVÆÐI UMSJÓNARMANNA
OG STJÓRNENDA.**

ÖLL BÖRN ERU EINSTÖK.

Er leikskólinn þinn góður staður fyrir öll börn, líka börn sem t.d. sjá ekki vel?

Hvað með börn í hjólastól?

**ÖLL BÖRN EIGA AÐ FÁ TÆKIFÆRI
TIL AÐ DEILA SKOÐUNUM
SÍNUM MEÐ ÖÐRUM.**

Hver ræður í leikskólanum þínum?

Hver ræður í matartímanum?

En heima?

**ÖLL BÖRN EIGA RÉTT Á AÐ
LÆRA, LEIKA OG ÞROSKAST.**

Hvað ertu búin/búinn/búið að læra í leikskólanum þínum?

Hvað hefurðu lært um réttindi?

**ÖLL BÖRN EIGA RÉTT Á
UMÖNNUN OG VERND.**

Er hugsað vel um þig í leikskólanum þínum?

En heima?

**ÖLL BÖRN ERU JAFN MIKILS
VIRÐI.**

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum þínum?

**ÖLL BÖRN EIGA RÉTT Á AÐ BÚA
Í UMHVERFI ÞAR SEM ÞAU ERU
ÖRUGG, ÞEIM LÍÐUR VEL OG
ÞAU GETA LIFAÐ OG DAFNAÐ.**

Finnst þér þú vera örugg/öruggur/öruggt í leikskólanum þínum?

T.d. í útiveru, með öllum kennurunum, á klósettinu, í mat og á fleiri stöðum.

HÉR ER ÚTFÆRSLA FRÁ LEIKSKÓLA Í REYKJAVÍKVARÐANDISTÖÐUMATIÐ.

Þessi listi er hugsaður fyrir 3–6 ára. Miðað er við að listinn sé framkvæmdur með aðstoð kennara sem les spurningarnar og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Hægt er að framkvæma matið í litlum hóp eða með einstaka barni.



- Mikilvægt að hafa í huga að ekki séu fleiri en fimm í hópnum til að öll börn fái tækifæri til að tjá sig.

- Við hverja spurningu eru broskallar til að merkja við svar barnanna:






BROSKALL  **JÁ**

FÝLUKALL  **NEI**

MITT Á MILLI  **VEIT EKKI**

Þegar búið er að fara yfir matið með börnunum ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur og hvað þarf mögulega að setja inn í næstu aðgerðaáætlun.

Gott að plasta eitt eintak og gera með börnunum og fylla síðar inn í rafrænt form niðurstöðurnar. Þá er ekki þörf á að prenta mörg eintök út og hægt að endurnýta formið með fleiri hópum.

	 JÁ	 NEI	 VEIT EKKI
Færðu að ráða hvar þú leikur þér í leikskólanum?			
Færðu að ráða með hverjum þú leikur?			
Eru börnin góð hvert við annað í leikskólanum þínum?			
Er leikskólinn þinn góður staður fyrir öll börn?			
Til dæmis ef þau sjá illa eða eru í hjólastól?			
Er hugsað vel um þig í leikskólanum?			
En heima?			
Finnst þér þú örugg/öruggur/öruggt í leikskólanum?			
Í matartímanum?			
Í útiverunni?			
Með kennurum og starfsfólki?			
Á klósettinu?			

OPNAR SPURNINGAR Í LOKIN:

- Hver ræður í leikskólanum þínum?
- Hver ræður í matartímanum?
- En heima?
- Langar þig einhvern tímann að ráða meiru?
- Hverju?
- Hvað ertu búin/búinn/búið að læra í leikskólanum þínum?
- Hvað hefur þú lært um réttindi?
- Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?
- Finnst þér eitthvað þurfa að breytast í leikskólanum?
- Eitthvað annað sem þú vilt segja?

RÉTTINDAVÖRÐUR



Á INNRA SVÆÐI UMSJÓNARMANNA ER SKJAL MEÐ MISMUNANDI ÚTGÁFUM AF RÉTTINDAVÖRÐUM SEM TILVALIÐ ER AÐ PRENTA ÚT OG LEYFA BÖRNUNUM AÐ VELJA SÉR SINN RÉTTINDAVÖRÐ. PRENTA SVO ÚT OG BÚA TIL MERKI SEM ÞAU FÁ ÞEGAR ÖRYGGISKÖNNUN ER FRAMKVÆMD.

ÖRYGGISKÖNNUN BARNNA.

Markmið öryggiskönnunar er að fá innsýn í upplifun barna af skólasvæðinu, hvar þeim líður vel og sjá hvort einhverjir staðir eða aðstæður skapi óöryggi hjá börnunum. Ef slíkir staðir koma í ljós er lagt til að börnin séu beðin um að lýsa hvers vegna þau upplifi sig óörygg þar og biðja þau jafnframt um að koma með tillögur að úrbótum. Markmið með könnuninni er að vekja athygli á rétti barna til öruggs skólaumhverfis, umhverfis þar sem hvert og eitt getur notið réttar síns.

Öryggiskönnun þarf að framkvæma með mismunandi hætti á hverri deild fyrir sig með tilliti til aldurs og þroska barnanna.

**ÖRYGGISKÖNNUN ER LÖGD
FYRIR EINU SINNI Á VETRI.**

Tilvalið er að hefja þessa vinnu á því að ræða um tilfinningar og tryggja það að börnin skilji orðið öryggi og hvað það er að búa við öryggi í leikskólanum. Leikskólar hafa verið að nota bækur um tilfinningar, t.d. bækurnar um Lífsgildin í þessa innlögn. Tilvalið er að nota klípusögur og nýta samverustundir til þess að ræða málin, alla vega hjá þeim elstu.

ÚTFÆRSLAN Á ÖRYGGISKÖNNUNINI ER ALFARIÐ Í YKKAR HÖNDUM EN HÉR KOMA NOKKAR HUGMYNDIR.

Það gæti verið gott að nota broskallamælingu. Ganga um rýmin sem viðkomandi hópur notar og hefur aðgang að og þau benda á þá tilfinningu sem á best við. Það gæti verið gagnlegt að gera þetta oftár en einu sinni með hverjum hópi til þess að vera með mælingu sem er ekki lituð af dagsformi og gríni og glens.

Ljósmyndir eru gagnlegt tól þar sem börnin geta tekið myndir og svo geta þau rætt þær í stærri hópi. Einnig er hægt að taka myndir og biðja börnin að raða þeim í röð eftir því hvar þeim líður best og yfir í hvar þeim líður verst.

Með yngstu börnunum er hægt að taka þau upp í rýminu og sjá hvert þau leita, svo er hægt að breyta einhverju í rýminu og fylgjast með hvort börnin leiti enn á sömu staði eða á nýja. Hér er mikilvægt að þjálfá starfsfólk vel í að skrá niður niðurstöðurnar.

Sumum börnum líður betur með að ræða svona hluti heima við og tilvalið er að fá foreldra með í umræðuna og senda börnin heim með nokkrar spurningar varðandi vellíðan og öryggi til að ræða heima og koma svo með á leikskólann. Spurningar má finna á innri vef umsjónarmanna.

Góð úrvinnsla úr þessum gögnum er að deildir beri saman bækur sínar á deildafundi og kynni helstu niðurstöður frá sinni deild. Umsjónarmenn Réttindaráðs gætu í kjölfarið kynnt niðurstöður frá öllum leikskólanum fyrir Réttindaráði sem gæti komið með hugmyndir að úrbótum og hvað þau vilja setja í forgang.

Ef niðurstöður öryggiskönnunar enda sem aðgerðir í aðgerðaáætlun og eru framkvæmdar, má ekki gleyma því að láta börnin á leikskólanum vita af því að þeirra þátttaka í öryggiskönnuninni hafði þessi áhrif á breytingar í leikskólanum.




**SNIÐMÁT FYRIR NIÐURSTÖÐUR
ÖRYGGISKÖNNUNAR
MÁ FINNA Á
INNRA SVÆÐI
UMSJÓNARMANNA.**



ADGERÐAÁÆTLUN

Í ÞESSU SKREFI
VINNUM VIÐ MEÐ
EFTIRFARANDI
GREINAR
GREINAR
BARNASÁTTMÁLANS:



AÐGERÐAÁÆTLUNIN ER MIKILVÆGASTA AFURÐIN Í INNLEIÐINGU RÉTTINDASKÓLA UNICEF

Öll vinna með Barnasáttmálann miðar að því að gera börnum kleift að njóta réttinda sinna og fullorðnum kleift að axla ábyrgð sína. Eina leiðin til þess að skapa þessar aðstæður í Réttindaskólanum er með markvissu samstarfi barna og fullorðinna. Aðgerðaáætlun er verkfæri til þess að formfesta þetta samstarf.

Þegar unnið er að markmiðum Réttindaskóla er mikilvægt að allt leikskólasamfélagið vinni saman. Til þess þarf að framkvæma stöðumat. Stöðumat Réttindaskóla á leikskólastigi er tvíþætt og fer fram annars vegar stöðumat starfsfólks og hins vegar með elstu börnum skólans sem sitja í Réttindaráðinu sem og öryggiskönnun barna á öllum deildum. Mikilvægt er að ræða niðurstöður stöðumatsins í starfsmannahópnum og nýta þær niðurstöður við gerð aðgerðaáætlunar.

Aðgerðir sem settar eru inn í aðgerðaáætlun skal tengja við markmið Réttindaskóla UNICEF og greinar Barnasáttmálans en einnig skal tryggja að þær séu fjölbreyttar og að þar séu aðgerðir sem hafa áhrif á starfsfólk (t.d. fræðsla), aðgerðir beint frá börnum (úr stöðumati eða hugmyndakassa) og aðgerðir sem tengjast aðgengi og öryggi.

Hverju markmiði er hægt að mæta með fjölda aðgerða og er lyklatríði að forgangsraða hvað skal gert hverju sinni. Mjög brýnt er að skapa tækifæri fyrir börnin til þess að hafa áhrif á aðgerðaáætlunina, t.d. í gegnum Réttindaráð. Í ungbarnaleikskólum er þetta að sjálfsögðu ekki krafa en er þá hlutverk starfsfólks, skráningar o.þ.h. stærri hluti af stöðumati og áætlanagerð.


Forðist að skapa óraunhæfa áætlun. Mikilvægt er að hver aðgerðaáætlun sé ekki of umfangsmikil. Gott viðmið eru um fimm aðgerðir á ári. Það fer þó töluvert eftir umfangi aðgerðar. Háleit markmið er hægt að búa niður í smærri aðgerðir, t.d. ef markmiðið er að bæta aðgengismál skólans er ef til vill raunhæf aðgerð að funda með fulltrúum sveitarfélagsins og óska eftir fjármagni sem fyrstu aðgerð.

Þessi nálgun gefur engan afslátt af umbótakröfum en leggur raunhæfan grunn að raunverulegum breytingum í stað þess að miða hátt og vona það besta.

HVERNIG Á AÐ VINNA AÐGERÐAÁÆTLUN?

Fyrstu aðgerðir sem fara inn í áætlunina eru aðgerðir sem unnar eru úr niðurstöðum úr stöðumati með starfsfólki. Yfirleitt eru þetta aðgerðir sem snúa að því að byggja góðan grunn; fræðslu fyrir starfsfólk, rýnivinnu í skólanámskrá og hvernig tengja má hana við Barnasáttmálann, skipuleggja kynningarfund fyrir foreldra, uppfæra jafnréttisáætlun o.s.frv. En þið byggjið ykkar aðgerðir að sjálfsögðu á ykkar niðurstöðum.





Setja skal aðgerðaáætlun upp í sniðmát fyrir aðgerðaáætlun – það skjal er aðgengilegt á innra svæði umsjónarmanna.

Þegar þessar aðgerðir eru tilbúnar og komnar inn í sniðmátið er aðgerðaáætlunin send til UNICEF til samþykktar.

Greinargerð eftir stöðumat og öryggiskönnun með börnum, aðgerðum þeirra er skilað á hverju vori og er sniðmát fyrir greinargerðina á innra svæði umsjónarmanna.

**AÐGERÐAÁÆTLUN ER SKILAÐ
Á FYRSTA ÁRI INNLEIÐINGAR
OG GILDIR HÚN FRAM AÐ
VIÐURKENNINGU. ÞÁ ER
ÖNNUR AÐGERÐAÁÆTLUN
UNNIN EFTIR NÝJU
STÖÐUMATI STARFSFÓLKS
SEM GILDIR Í 3 ÁR
FRAM AÐ ENDURMATI
VIÐURKENNINGARINNAR.**

MARKMIÐ RÉTTINDASKÓLA TENGD VIÐ AÐGERÐIR

Í aðgerðaáætlun þarf að taka fram:

- Hvert er markmið aðgerðarinnar og hvað hún felur í sér.
- Hvernig árangur verður metinn.
- Hver ber ábyrgð.
- Hvenær á að framkvæma aðgerðina – tímarammi.
- Tengingu við Barnasáttmálann.
- Tengingu við markmið Réttindaskóla.



**ÞRÍJÁR AÐGERÐIR ERU SKYLDA Í FYRSTA
INNLEIÐINGARHRING RÉTTINDASKÓLA UNICEF:**

- **STOFNA RÉTTINDARÁÐ.**
- **TRYGGJA AÐ ALLT STARFSFÓLK ÞEKKI SAMRÆMDA
ÁÆTLUN UM TILKYNNINGAR TIL BARNVERNDAR OG
JAFNRÉTTISÁÆTLUN SKÓLANS, ÁSAMT ÞVÍ AÐ TRYGGJA AÐ
JAFNRÉTTISÁÆTLUN NÁI TIL ALLS STARFSFÓLKS OG BARNA.**
- **BÚA TIL VETTIVANG ÞAR SEM BÖRN GETA KOMIÐ
HUGMYNDUM SÍNUM Á FRAMFÆRI, T.D. MEÐ HUGMYNDAKASSA
OG FERLI SEM VINNUR ÚR ÞEIM HUGMYNDUM.**

DÆMI UM AÐGERÐ Í AÐGERÐAÁÆTLUN

AÐGERÐAÁÆTLUN LEIKSKÓLANS VALHALLAR

AÐGERÐ 1: Stofna Réttindaráð.

HVAÐ: Leikskólinn Valhöll stofnar Réttindaráð þar sem öll fimm ára börn fá tækifæri til þess að taka þátt.

HVERNIG: Árangur aðgerðar er metinn með því að skoða hvort Réttindaráð hafi verið stofnað og það fundi reglulega. Auk þess ætlum við að spyrja börnin og starfsfólkið hvernig þeim finnst Réttindaráðið. Það gerum við vegna þess að við stefnum á að setja inn aðgerðina þróun Réttindaráðs á næsta ári.

HVER: Skólastjóri og deildarstjóri á elstu deild bera höfuðábyrgð á að aðgerðin verði framkvæmd.

HVENÆR: Undirbúningur hefst vorið 2023 og fyrsti fundur verður haldinn í september 2023. Þá telst aðgerðinni lokið.

BARNASÁTTMÁLINN: Aðgerðin styður við fjölda greina og fer þá helst eftir því hvað Réttindaráðið vill gera. Helst liggur fyrir að aðgerðin styðji við framkvæmd greina 12., 2. og 4.

MARKMIÐ RÉTTINDASKÓLA: Aðgerðin styður beint við aukið lýðræði með því að skapa aukin tækifæri fyrir börn til þess að hafa áhrif á leikskólastarfið.

AÐGERÐ 2: Aukin þekking hjá starfsfólki á réttindum barna.

HVAÐ: Að starfsfólk læri og þekki réttindi barna.

HVERNIG: Vinna með verkefnahefti UNICEF. Setja greinargerð inn í starfsmannahandbók fyrir nýtt starfsfólk.

HVER: Verkefnastjórar á öllum deildum og skólastjóri.

HVENÆR: Verkefnavinna á skipulagsdögum/ starfsmannafundum, 2023–2024.

BARNASÁTTMÁLINN: Þekking á réttindum barna. Með því að vinna markvisst að því að starfsfólk og börn læri um réttindi barna erum við að leggja okkur fram við að þekking á réttindum barna aukist í leikskólanum. Grein 42.

MARKMIÐ RÉTTINDASKÓLA: Eldmóður fyrir réttindum barna. Þegar allir í leikskólanum læra, þekkja og vinna með réttindi barna viljum við og getum við alltaf gert meira. Við pössum upp á hvert annað í þessari vinnu, sjáum hvað aðrir í leikskólanum gera og viljum gera meira. Börnin verða meðvitaðri um réttindi sín og halda okkur við efnið. Barnasáttmálinn er hluti af daglegu lífi. Með námskeiðunum, verkefnum, fundunum og þekkingu starfsfólks og barna á Barnasáttmálanum, verður hann sjálfkrafa hluti af daglegu lífi á leikskólanum.

SAMSTARF: Fræðsla og vinna með Barnasáttmálann verður til þess að samstarf barna, foreldra og starfsfólks eykst.

AÐGERÐ 3: Hlaðborð fyrir öll börn.

HVAÐ: Koma á hlaðborði fyrir öll börnin. Valdefla börnin í matmálistímum.

HVERNIG: Fræða starfsfólk um Barnasáttmálann og verkefnið í heild. Kaupa hlaðborð í matsalinn. Kaupa áhöld og ílát sem börnin geta skammtað sér úr. Losa okkur við hástólana. Fá kynningu frá deildarstjóra um matsal. Fræðsla í formi kynninga, veggspjalda og mynda úr heimsóknum.

HVER: Leikskólastjóri, deildarstjórar og annað starfsfólk.

HVENÆR: Unnið frá ágúst 2023 til maí 2024.

MARKMIÐ RÉTTINDASKÓLA:

Unnið með:

- Þekkingu á réttindum barna
- Lýðræði
- Eldmód fyrir réttindum barna
- Barnasáttmálann sem hluti af daglegu lífi

TENGING VIÐ BARNASÁTTMÁLANN:

Það að börnin geti fengið sér sjálf af hlaðborði eykur færni þeirra, t.d. fínhyrfingar og jafnvægi, en það tekur á að ganga með mat á diskum að borðinu. Þau velja sjálf hvað þau borða og hvar þau sitja, þau skammta sér sjálf og læra þannig inn á eigið magamál. Mikil valdefling fyrir börnin og virðing fyrir þeirra skoðunum og óskum. Greinar 12, 6, 4, 42.

ALMENNAR AÐGERÐIR TENGÐAR VIÐ MARKMIÐ RÉTTINDASKÓLA UNICEF

Aðgerðaáætlun er unnin út frá stöðumati, eins og áður hefur komið fram, en einnig skulu aðgerðir taka mið af markmiðum verkefnisins. Hér eru tillögur um almennar aðgerðir og hvernig þær tengjast markmiðunum og þið getið útfært annars vegar með starfsfólkinu og hins vegar með Réttindaráði.

AUKA ÞEKKINGU Á RÉTTINDUM BARNA.

Tryggja þarf reglulega fræðslu fyrir allt starfsfólk um innleiðingu Barnasáttmálans.

Kynna innleiðingu Barnasáttmálans fyrir foreldrum.

Verkefnahefti UNICEF inni á öllum deildum og gerð áætlun um hvernig vinna á með verkefni.

Jafningjafræðsla.

Réttindaráð fræðir önnur börn um verkefnið og Barnasáttmálann.

Þemadagar tengdir við réttindi barna.

Barnasáttmálaplaköt hængd upp í öllum stofum og víða um leikskólann.

Réttindi vikunnar. Vinna með eina grein Barnasáttmálans í umræðum/fundum Réttindaráðs.

Samskiptasáttmálar unnir og tengdir við Barnasáttmálann.

Önnur verkefni og stefnur leikskólans, t.d. Grænfána-verkefnið, Heilsueflandi leikskóli, jákvæður agi og Heimsmarkmið SP tengd við Barnasáttmálann.

ÞÁTTTAKA

Búa til aðstæður fyrir öll börn til að tjá skoðanir sínar um leikskólann, námið og nærumhverfið. Til dæmis hugmyndakassi. Réttindaráð fer yfir hugmyndir barnanna og setur í aðgerðir eða kemur á rétta staði.

Barnaþing.

Kosningar og skipulag á dagskrá unnið með börnum.

Hugmyndafundir.

BETRI GREINING Á STÖÐU RÉTTINDA BARNA

Stöðumat með starfsfólki og börnum er skylda svo það er ekki sett sem aðgerð í aðgerðaáætlun.

Viðburðir fyrir foreldra.

Góð kynning á verkefninu fyrir börn, starfsfólk og foreldra.

AÐGERÐIR Í ÞÁGU RÉTTINDA BARNA

Skólanámskrá uppfærð í samræmi við Barnasáttmálann.

Jafnréttisáætlun yfirfarin og kynnt fyrir starfsfólki.

Allt starfsfólk upplýst um tilkynningarskyldu til barnaverndar.

Agastefna/samskiptasáttmáli/uppeldisstefna yfirfarin og tengd við réttindi barna.

SAMSTARF

Eru grunnskólar og frístundaheimili í hverfinu Réttindaskólar og -frístundir UNICEF? Skoða samstarf milli skóla og Réttindaráða – fara í heimsókn.

Samstarf við foreldra/forsjáraðila og fjölskyldur barnanna í leikskólanum.

Samstarf við aðra leikskóla.

DÆMI ÚR GREINARGERÐ AÐGERÐAÁÆTLUNAR.

Í leikskólanum var sett saman aðgerðaáætlun til tveggja ára. Í henni kemur fram það sem þótti mikilvægast að taka fyrir í upphafi Réttindaskólavinnunnar. Réttindaráð barna var stofnað, það samanstendur af 11 börnum sem buðu sig fram í verkefnið. Ráðið er tvískipt því við teljum betra að hafa færri á fundum í einu og fáum þá meira frá hverju barni fyrir sig. Á fundunum eru tekin fyrir ýmis mál sem snúa að skólastarfinu, ákvarðanir teknar sem og fyrir fram valdar greinar úr Barnasáttmálanum ræddar.

Unnið er með verkefnaheftið Barnasáttmálinn í leikskólanum og er búið að tengja þau verkefni inn í skólanámskrá leikskólans.

Einnig eru verkefni fyrir kennara tekin fyrir á skipulagsdögum og starfsmannafundum. T.d. var gert hugarkort upp úr vinnu kennara sem sýnir hversu mikil áhrif börnin hafa á skólastarfið, hvaða hlutum/verkefnum í skólastarfinu þau ráða og hafa áhrif á. (sjá fylgiskjal 2).

Það er mjög mikilvægt að fá foreldra með í alla vinnu. Þannig er Barnasáttmálinn og vinnan við að verða og vera Réttindaskóli kynnt á foreldrafundum á hverju hausti auk þess sem haldin er sérkynning fyrir foreldra nýrra barna sem eru að hefja skólagöngu sína í leikskólanum. Upplýsingar um alla þessa vinnu er að finna á heimasíðu skólans. Deildarstjórar senda reglulega tölvupósta/SWAY til foreldra sem innihalda ýmsar upplýsingar varðandi verkefnavinnuna í skólanum. Með þessari aðgerðaáætlun verður vinnan með Barnasáttmálann rauði þráðurinn í öllu skólastarfi í leikskólanum, allir vita sitt hlutverk og eru vel upplýstir.

TENGJA BARNASÁTTMÁLANN OG VERKEFNIN VIÐ SKÓLANÁMSKRÁNA

SEPTEMBER:

Kynning á Barnasáttmálanum/Ég á réttindi (verkefni 1).
Allur Barnasáttmálinn kynntur.



OKTÓBER:

Réttur barnsins til verndar og umönnunar/
Fjölskyldan mín (verkefni 6).
Greinar 2, 18, 19, 20, 21.



NÓVEMBER:

Jafn réttur allra barna/ Lík og ólík (verkefni 2).
Greinar 2, 3, 12, 13, 18, 20, 21.



JANÚAR:

Réttur barnsins til að taka þátt í samfélaginu á
eigin forsendum/Í uppgötvunarferð (verkefni 3).
Greinar 2, 23.




FEBRÚAR:

Réttur barnsins til þátttöku og áhrifa/Hver ræður
(verkefni 4). Greinar 12, 13.



MARS:

Réttur barnsins til að leika og læra nýja hluti/Ég
get (verkefni 5). Greinar 6, 28, 31.



APRÍL:

Réttur barnsins til að hlustað sé á það sem það
hefur að segja/Einu sinni var (verkefni 7).
Greinar 2, 12, 13, 15.



MAÍ:

Réttur barnsins til að búa við umhverfi þar sem
því líður vel/Yndislegur heimur (verkefni 8).
Greinar 6, 22, 24, 26, 27.



INNLEIÐING

Á þessum tímapunkti er verkefnið komið vel af stað. Allt starfsfólk hefur fengið fræðslu og börn og foreldrar hafa fengið tækifæri til þess að fræðast um markmið innleiðingarinnar. Réttindaráðið og innleiðingarteymið hefur farið yfir niðurstöður stöðukannana og öryggiskönnunar og aðgerðaáætlun er tilbúin og samþykkt af skólastjórnendum og UNICEF.


Nú er tími til að framkvæma og vinna markvisst að umbótum.

Nú eru eftirfarandi atriði reglubundinn liður í réttindastarfi skólans.

- Ábyrgðaraðilar aðgerða vinna að framkvæmd aðgerða og eiga í samráði við Réttindaráð eftir atvikum. Kennarar og starfsfólk sinna réttindafræðslu.
- Réttindaráð fundar og vinnur að sínum verkefnum í aðgerðaáætlun.
- Umsjónarmenn mæta á fundi UNICEF og tryggja framgang verkefnisins.
- Umsjónarmenn, stjórnendur, Réttindaráð og aðrir áhugasamir auka þekkingu sína á mannréttindum barna og dreifa þekkingu sinni sem víðast.

Í þessu skrefi förum við nánar yfir forvarnaráætlanir því það er gríðarlega mikilvægt að þær séu virkar og að öll, bæði börn og fullorðin, þekki áætlanirnar og þá verkferla sem þeim fylgja.

Í ÞESSU SKREFI VINNUM VIÐ MEÐ EFTIRFARANDI GREINAR BARNASÁTTMÁLANS:



TILKYNNINGARSKYLDA OG FORVARNARÁÆTLANIR

Það er mikilvægt að allt starfsfólk sé meðvitað um tilkynningarskylduna en samkvæmt barnaverndarlögum ber öllum að tilkynna samkvæmt 16. grein til barnaverndar ef þau hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi sem stofni heilsu þess og þroska í alvarlega hættu.

Samkvæmt 17. grein barnaverndarlaga ber þeim sem starfa með börnum að tilkynna, en tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. Athugið að í Barnasáttmálanum tengjast eftirtaldar greinar tilkynningarskyldu og barnaverndarlögum: 19. grein um vernd gegn ofbeldi og vanrækslu, 27. grein um lífsskilyrði, 34. grein um kynferðislegt ofbeldi og 39. grein um bata og aðlögun.

Það er mikilvægt að hver starfsstaður sé með vel skilgreint verklag um tilkynningar til barnaverndar en oftast er það stjórnandi starfsstaðar sem ber ábyrgð á að tilkynna eða fer með upplýsingar til viðeigandi aðila sem mun þá tilkynna fyrir hönd starfsstaðarins. Verklag þarf hins vegar að vera alveg ljóst og það er mikilvægt að muna að tilkynningarskylda er á ábyrgð hvers og eins. Treystum innsæi okkar og leyfum börnum ávallt að njóta vafans. Það er ýmislegt sem getur vakið upp grun um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun; til dæmis ef barn leitar til starfsmanns, segir jafnvel óvart frá eða barn sýnir ummerki um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun sem starfsmanni finnst að þurfi að tilkynna.

HVAÐ ER VIRK FORVARNARÁÆTLUN?

**BÖRN OG FULLORÐIN VITA AF ÞVÍ
AÐ ÁÆTLUNIN ER TIL.**

BÖRN OG FULLORÐIN GETA NÝTT SÉR ÁÆTLUNINA.

ÁÆTLUN UPPEÆRD REGLULEGA.


ÁÆTLUN SÝNILEG OG AÐGENGILEG.



ATHUGIÐ AÐ EF BARN SEGIR FRÁ ÞARF AÐ HAFA EFTIRFARANDI Í HUGA:


- Að hlusta og hvetja.
- Að trúa barninu.
- Passa að spyrja hvorki í þaula né spyrja leiðandi spurninga (það er ekki hlutverk starfsfólks að kanna málið nánar, heldur barnaverndar).
- Það er mikilvægt að útskýra framhaldið.
- Að hrósa fyrir að hafa sagt frá og alls ekki sýna neikvæð svipbrigði eða viðbrögð en það getur verið fráhrindandi og stöðvað barnið í að segja frá.
- Það er líka mikilvægt að lofa ekki trúnaði því það er skylda okkar að tilkynna og það á að vera barninu fyrir bestu; því þarf að útskýra það vel og segja að það hafi verið rétt að segja frá, engum á að líða illa. Við viljum heldur ekki lofa trúnaði og brjóta hann.

Öllu starfsfólki skóla- og frístundastarfs ber skylda til samkvæmt lögum að tilkynna félagsmálayfirvöldum ef grunur leikur á að barn búi við óviðunandi aðstæður eða ef barn stofnar heilsu sinni og þroska í hættu. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar setja sér sameiginleg viðmið um hvenær starfsfólki ber að eiga samráð við barnaverndaryfirvöld og hvenær þeim beri að tilkynna strax. Ef einhver grunur leikur á að barn búi við óviðunandi aðstæður ætti starfsfólk alltaf að ráðfæra sig við starfsfólk barnaverndar. Sameiginleg viðmið fyrir tilkynningar þurfa að vera aðgengileg bæði börnum og fullorðnum. Þar getur hlutverk Réttindaráðs verið að útbúa auðlesid skjal sem er aðgengilegt fyrir börn.



Uppfærðar og virkar forvarnaráætlanir stuðla að því að börnin læri í öruggu umhverfi sem styður við réttindi þeirra. Þau læra um réttindi sín í réttindamiðuðu umhverfi sem hvetur þau til þess að iðka réttindi fyrir sig sjálf sem og aðra.

Áætlun gegn einelti á að vera í öllum leikskólum ásamt virkri viðbragðsáætlun til að takast á við eineltismál. Áætlunin á að ná til allrar starfsemi og alls starfsfólks og það er á ábyrgð starfsmanna að fylgja henni. Hún ætti að ná til allra barna og styrkja þau í að bera virðingu hvert fyrir öðru, sýna tillitssemi og samkennd og taka afstöðu gegn einelti. Áætlunina ber að kynna fyrir öllu starfsfólki og verklagið ætti að vera skýrt og aðgengilegt.



JAFNRÉTTISÁÆTLUN

Ef jafnréttisáætlun er ekki til staðar við upphaf verkefnisins gera stjórnendur slíka áætlun í samráði við starfsfólk leikskólans. Þetta fer inn í aðgerðaáætlun. Huga þarf að því að jafnréttishugtakið eigi einnig við börn með fötlun, börn af ólíkum uppruna, börn sem tilheyra ólíkum trúarhópum o.s.frv. Í aðalnámskrá leikskóla grein 2.1.4 sem fjallar um jafnrétti stendur: „ Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.“

„Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.“

SAMSKIPTASÁTTMÁLI

Hluti af innleiðingu Réttindaskóla UNICEF er að rýna í þær stefnur sem fyrir eru og meta hvort þær styðji allar við réttindi barna og ýti undir það réttindamiðaða umhverfi sem við viljum búa til í leikskólanum.

Að búa til samskiptasáttmála er góð leið til þess að tryggja sameiginlegan skilning á því hvernig samskipti og mannréttindi tengjast og nær góður samskiptasáttmáli til alls starfsfólks, foreldra og barna.

Samskiptasáttmáli byggir á gildum skólans. Hann er skýr leiðarvísir sem mótaður er í samvinnu starfsfólks, barna og foreldra og mótar þannig samskipti á jákvæðan hátt. Oft er gerður ítarlegri sáttmáli innan leikskóladeilda og bekkja. Samskiptasáttmáli er líkur siðareglum að því leyti að fólk er hvatt til að fara eftir honum. Þá er gott að vísa til hans ef samskipti eru ekki í samræmi við það sem fram kemur þar og þannig nýta hann til að ræða ákveðna hegðun. Þannig ná óæskileg hegðun og neikvæð samskipti ekki að skjóta rótum.

Hér má finna ritrýnda grein sem birtist í Netlu 2013 eftir Önnu Magneu Hreinsdóttur. Þar er fjallað um þróunarstarf og starfsendarannsókn þar sem allt starfsfólk leikskólans tók þátt í að efla lýðræðisleg viðhorf og starfshætti og semja námskrá í lýðræði fyrir leikskólann. Komíð er inn á gerð og framkvæmd samskiptasáttmála.



ÚTTEKT & VIÐURKENNING

Í síðustu skrefum innleiðingarhringsins fer fram úttekt á verkefninu, sótt er um viðurkenningu og að þremur árum liðnum fer fram endurmat, sé þess óskað. Viðurkenningar fyrir Réttindaskóla á leikskólastigi eru veittar á vorin eða í byrjun sumars, oft á vor- eða sumarhátíðum leikskólanna.


Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði til þess að hægt sé að ljúka úttektarferli:

1. Framkvæmd aðgerðaáætlunar lokið.
2. Stöðumat starfsfólks (einstaklingsbundin spurningakönnun) lagt fyrir aftur.
3. Lokagreinargerð umsjónarmanna og stjórnenda. Í henni er gerð grein fyrir framkvæmd aðgerðaáætlunar, niðurstöðum öryggiskönnunar á öllum deildum, framkvæmd og niðurstöðum úr stöðumati barna og aðgerðum sem framkvæmdar voru í kjölfarið.

Úttektarferlið hefst ekki fyrr en allir aðilar telja leikskólann tilbúinn til að hljóta viðurkenningu. UNICEF staðfestir hvort úttektarheimsókn sé tímabær eða bendir á verkefni sem þarf að vinna áður en hægt er að ljúka úttektinni. Þess vegna er mikilvægt að skila inn greinargerðum og gögnum um mánaðarmótin apríl/mái.

Í úttektarheimsókn tekur starfsfólk UNICEF viðtöl við umsjónarmenn, stjórnendur, starfsfólk og foreldra um framkvæmd verkefnisins. Mat er lagt á alla þætti verkefnisins og hvernig hefur tekist til við að mæta markmiðum þess. Úttektarferlið gefur umsjónarmönnum og stjórnendum jafnframt tækifæri til þess að ígrunda verkefnið og byggja undir reynslu innan skólans.

Við lok úttektar skilar UNICEF skýrslu með endurgjöf og meðmælum fyrir næstu skref. Þar fylgir samantekt á því sem kom fram í úttektarferlinu auk ábendinga frá UNICEF um hvaða þáttum þarf sérstaklega að huga að næstu þrjú árin, þar til endurmat á sér stað.



Viðurkenningar eru veittar í maí/júní. Tilvalið er að halda viðburð í skólanum og bjóða nemendum, starfsfólki, foreldrum og öllum þeim sem þið viljið í hátíðarstund. Fulltrúar frá UNICEF mæta og afhenda Réttindaráðinu plakát, fána og viðurkenninguna sem Réttindaskóli UNICEF á leikskólastigi. Ef skipuleggja á viðburð í skólanum er frábært tækifæri að fá börnin með í skipulagninguna.

Að þremur árum liðnum býðst að sækja um endurmat á viðurkenningunni.

Til þess að fá endurmat þurfa skólar að fylgja sama ferli og áður. Nýr hringur rúllar af stað.

FRÁ VIÐURKENNINGU AÐ ENDURMATI



**BARNASÁTTMÁLINN
& HEIMSMARKMIÐ
SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA**

Öll börn hafa sömu réttindi, óháð búsetu. Að átta sig á því getur hjálpað börnum að upplifa sig sem heimsborgara og vera meðvitund um að það sem gert er í einum heimshluta getur haft áhrif annars staðar. Það að vera heimsborgari felur líka í sér skilning á því hvernig aðgerðir stjórnvalda, fyrirtækja, samfélaga og einstaklinga geta stuðlað að réttlátari og sjálfbærari heimi. Í september 2015 samþykktu heimsleiðtogar sjálfbær þróunarmarkmið sem kallast Heimsmarkmiðin. Tilgangur þeirra er að gera heiminn öruggari og réttlátari fyrir kynslóðir dagsins í dag sem og framtíðarkynslóðir. Heimsmarkmiðin eru sautján talsins. Meðal annars er talað um að tryggja öllum aðgang að góðri menntun, binda enda á fátækt og hungursneyð og berjast gegn loftslagsbreytingum.


Réttindi barna tengjast beint sjálfbærri þróun því öll börn eiga rétt á hreinu vatni, hreinlæti, hollri fæðu, góðri heilsu, menntun, hreinu lofti og orku. Engu að síður fara milljónir barna um heim allan á mis við þessi réttindi sín á degi hverjum.



RÉTTINDI BARNA, HEIMSBORGARAR & SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Vopnuð átök, fólksfjölgun, borgarvæðing og sífellt tíðari veðurhamfarir af völdum loftslagsbreytinga (s.s flóð, þurrkar og risaflóðbylgjur) geta gert börnum erfiðara um vik að njóta réttinda sinna. Árið 2014 voru 87% allra hamfara tengd veðurfari. Þessar hamfarir urðu langoftast í fátækari löndum sem voru verr í stakk búin til að takast á við þær (UNISDR, 2015). Heimsmarkmið nr. 13 snýst um að grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Heimsmarkmið nr. 7 er að öllum verði tryggður aðgangur að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Að draga úr losun kolefnis og hjálpa samfélögum að laga sig að breyttu loftslagi mun hjálpa til við að gera heiminn að öruggari stað fyrir alla og tryggja að börn fái notið réttinda sinna. Lykillinn er að skipta jarðefnaeldsneyti út fyrir endurnýjanlega orkugjafa á borð við sólar-, vind- og vatnsorku. Sem heimsborgarar gegnum við öll mikilvægu hlutverki við að stuðla að sjálfbærri þróun. Einfaldar ráðstafanir sem við hrindum sameiginlega í framkvæmd geta leitt af sér raunverulegar breytingar.

Kjarni Heimsmarkmiðanna og Barnasáttmálans er í grunninn sá sami: að skapa heim þar sem réttindi eru uppfyllt og þörfum fólks er mætt. Börn eru þungamiðja beggja skjala, enda eru þau einhver viðkvæmasti hópur hvers samfélags – og jafnframt þau sem munu erfa heiminn.



Markmið 3
Markmið 4
Markmið 6

Grein 3	3.1: Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafastofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.
Öll markmið	Þar sem þriðja grein barnasáttmálans er jafnframt ein af grundvallareglunum fjórum á hún við um öll heimsmarkmiðin. Það má líta svo á að allar aðgerðir sem miða að því að ná heimsmarkmiðunum snúi að börnum.
Grein 3	3.2: Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð á að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.
Markmið 3	Stuðla að heilbrigðu lífsemi og velliðan fyrir alla frá vöggju til grafar.
Grein 3	3.3: Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd í starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.
3.c	Talsvert verði aukið við fjármagn til heilbrigðismála sem og til nýliðunar, þróunar og þjálfunar og til að halda í heilbrigðisstarfsfólk í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmt á veg komin og þeim sem eru smáeyríki.
4.c	Eigi síðar en árið 2030 verði framboð á menntuðum og hæfum kennurum aukið verulega, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu um kennaramenntun í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmt á veg komin og smáeyríkjum.
6.1	Eigi síðar en árið 2030 standi öllum til boða heilnæmt drykkjarvatn á viðráðanlegu verði hvar sem er í heiminum.
6.2	Eigi síðar en árið 2030 hafi allir jafnan 126 aðgang að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu og engin þurfi að gagna örna sinna utan dyra. Í þessu tilliti verði sérstaklega hugað að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.

**MANNRÉTTINDADAGATAL
-ALLIR DAGAR ÁRSINS ERU
MANNRÉTTINDADAGAR**

94

Hér eru nokkrir alþjóðlegir dagar sem eru helgaðir ákveðnum mannréttindum. Hægt er að vinna með dagana á þemadögum eða í réttindafræðslu með börnunum. Við hvetjum ykkur sérstaklega til þess að halda upp á Alþjóðadag barna þann 20. nóvember.

JANÚAR

4. janúar
Alþjóðadagur blindraleturs



24. janúar
Alþjóðlegi menntadagurinn



FEBRÚAR

1.–7. febrúar
Alþjóðavika samlyndis trúarbragða



11. febrúar
Alþjóðadagur kvenna og stúlkna í vísindum



21. febrúar
Alþjóða móðurmálsdagurinn



MARS

20. mars
Alþjóða hamingjudagurinn



21.– 27. mars
Alþjóðleg samstöðuvika með baráttufólki gegn kynþáttaförðómum og misrétti



21. mars
Alþjóðadagur útrýmingar kynþáttamismununar



APRÍL

2. apríl
Alþjóðadagur vitundar um einhverfu




22. apríl
Alþjóðadagur móður jarðar



MAÍ

21. maí
Alþjóðadagur menningarlegrar fjölbreytni





JÚNÍ

1. júní
Alþjóðadagur foreldra



3. júní
Alþjóða hjólreiðadagurinn



12. júní
Alþjóðadagur gegn barnavinnu



SEPTEMBER

5. september
Alþjóða góðgerðadagurinn
21. september
Alþjóða friðardagurinn



8. september
Alþjóðadagur læsis



23. september
Alþjóða táknaáhrifsdagurinn



OKTÓBER

2. október
Alþjóðadagur ofbeldisleysis



10. október
Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn



17. október
Alþjóðadagur helgaður útrýmingu fátæktar



NÓVEMBER

20. nóvember
Alþjóðadagur barna



DESEMBER

3. desember
Alþjóðadagur fatlaðra



10. desember
Alþjóða mannréttindadagurinn



Þróun á innleiðingarferli Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi var unnin í samstarfi við 20 leikskóla, Háskóla Íslands, menntasvið Kópavogsbæjar og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

LEIKSKÓLAR Í REYKJAVÍK:

Gullborg, Laugasól, Vinagerði, Ævintýraborg Eggertsgötu og Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni og Hallgerðargötu.

LEIKSKÓLAR Í KÓPAVOGI:

Efstihjalli, Sólhvörf, Lækur, Baugur, Álfaheiði, Arnarsmári, Kópahvoll, Grænatún, Álfatún, Furugrund.

LEIKSKÓLAR Á AKUREYRI:

Iðavöllur, Klappir, Krógaból, Kiðagil og Hulduheimar.

MENNTAVÍSINDASVIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS: Anna Magnea Hreinsdóttir og Hrönn Pálmadóttir.

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR: Kristín Hildur Ólafsdóttir

MENNTASVIÐ KÓPAVOGSBÆJAR: Vigdís Guðmundsdóttir

HEIMILDIR SEM NÝTTAR VORU VIÐ GERÐ ÞESSARAR HANDBÓKAR:

Child Rights Education with children aged 0-6 years. Discussion paper. UNICEF. 2021

Child Rights Education Toolkit: Rooting child rights in early childhood education, primary and secondary schools. UNICEF. 2014

Children's Rights Education in Diverse Classrooms. Pedagogy, Principles and Practice. Lee Jerome og Hugh Starkey. 2021

Aðalnámskrá leikskóla. <https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>

Grunnþættir menntunar. Lýðræði og mannréttindi. Bls. 31–34. <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/lydraedi.html/#32>

Þátttaka barna í Réttindaskóla og - frístund. Verkfærakista frá UNICEF. 2022.

VEL GERT!

